



Ráðherrarnir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson voru með gesta á lönþingi Samtaka iðnaðarins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjölmiðlar sagðir vera á rauðu ljósi

gar@frettabladid.is

ALÞINGI „Við erum á rauðu ljósi hvað varðar starfsumhverfi fjölmiðla,“ sagði Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, á Alþingi í gær í umræðu um fjölmiðlafrelsi. Sagði Lilja tekjumódel íslenskra fjölmiðla hreinlega ekki ganga upp. „Okkur ber skylda til þess að stuðla að því að starfsumhverfi fjölmiðla hér á Íslandi verði sjálfbært,“ sagði ráðherra. „Það er alveg ljóst að frjálsir fjölmiðlar eru forsenda lýðræðislegrar umræðu og veita stjórnvöldum, atvinnulífi og helstu stofnunum atvinnulífsins nauðsynlegt aðhald,“ sagði Lilja. „Við stefnum að því að umhverfi íslenskra fjölmiðla verði svipað og kollega okkar á Norðurlöndunum. Það er mjög mikilvægt að það takist á þessu kjörtímabili að búa þannig um hnútana.“ ■

Engar tímaskýrslur bak við tíu þúsund tíma reikninga

Fjármálaráðuneytið virðist hafa greitt reikninga fyrir tíu þúsund klukkustunda vinnu án þess að fá tímaskýrslur. Reglur um útboð vegna opinberra innkaupa virðast einnig hafa verið brotnar.

olafur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Fjármálaráðuneytið hefur frá árinu 2016 greitt íslögum, lögfræðistofu Steinars Þórs Guðgeirssonar, meira en 181 milljón króna, auk virðisaukaskatts, samtals 225 milljónir króna, fyrir ýmsa lögfræðipjónustu án þess að tímaskýrslur hafi verið lagðar fram fyrir þeirri vinnu sem rukkað var fyrir. Var þessi vinna meðal annars vegna Lindarhvals.



Virðist hafa verið greitt á grunni samnings við lögfræðistofu Steinars Þórs Guðgeirssonar sem stofan braut gegn.

Taxtinn sem Steinar Þór rukkaði eftir var 18 þúsund krónur á klukkustund, auk virðisaukaskatts, þannig að greitt hefur verið fyrir 10 þúsund vinnustundir án þess að tímaskýrslur hafi fylgt reikningum. Skýrt er kveðið á um í samningum milli ráðuneytisins og Íslaga að tímaskýrslur skuli fylgja reikningum. Þannig ber ekki á öðru en að fjármálaráðuneytið hafi ítrekað greitt háar fjárhæðir til Íslaga á grundvelli samnings sem Íslög þverbrutu. Enn fremur kemur skýrt fram í lögum um opinber innkaup að öll innkaup opinberra aðila yfir 15,5 milljónum (á verðlagi 2016) skuli bjóða út. Það var ekki gert. Fram hefur komið að skiptar skoðanir eru um gæði þeirrar vinnu sem ráðuneytið greiddi fyrir. ■



Þetta er ekki lið

Knattspyrna og karlmennska



Óskar kveikti á 32 ára GameBoy



Mátulegir

Sviðsútgáfa af kvikmyndinni Druk



borgarleikhus.is

Tryggðu þér miða

Fagna fjölgun lögregluþjóna

ragnarjon@frettabladid.is

LÖGGÆSLA Til stendur að bæta við áttatíu nýjum stöðugildum innan lögreglunnar á Íslandi en þessar breytingar voru kynntar í gær á sameiginlegum upplýsingafundi dómsmálaráðuneytisins og lögreglunnar.

„Okkur líst mjög vel á þessar breytingar,“ segir Fjölur Sæmundsson, formaður Landssambands lögreglumanna, en hann var viðstaddur upplýsingafundinn í gær. „Flest sem var sagt þarna var mjög í anda okkar stefnu og þess sem við höfum verið tala um undanfarna mánuði.“



Fjölur Sæmundsson, formaður Landssambands lögreglumanna

Fjölur segir það sérstaklega jákvætt að til standi að fjölga lögreglumönnum á landsbyggðinni. „Þar sem lögreglumenn þurfa oft að vera einir á vakt og langt er á milli staða,“ segir hann. „Auðvitað fögnum við allri viðbót við löggæslu.“

Til stendur að helmingi fleiri lögreglumenn verði útskrifaðir úr lögregluskólanum á næstu árum og bendir Fjölur á að námið sé orðið sérhæfðara og betra. „Þetta er orðið mikið sérfræðistarf og fólk hefur í raun fjölbreytta starfsmöguleika innan lögreglunnar.“ ■

Loksins komið að því



Opnað var á skíðasvæðinu í Bláfjöllum í gær eftir að lokað hafði verið í sextán daga. Snjó hafði verið verið blásið og ekið í brekkur. Einar Bjarnason, rekstrarstjóri svæðisins, sagði aðsóknina í gær hafa verið rólega eins og jafnan eftir langa lokun. Útlit sé fyrir að hægt verði að halda áfram opnu þótt skíðafólk þurfi að klæða af sér brunagadd. „Þetta lítur vel út næstu daga,“ sagði Einar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fólk sem er ekki lasið mæti ekki á heilsugæslu segir framkvæmdastjóri

mhj@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Streptókokkar og aðrar pestir herja á landsmenn um þessar mundir og segir Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, álagið á heilsugæslunni mikið.

„Þetta hefur auðvitað áhrif á aðra starfsemi. Það er mikið álag á vaktþjónustunni,“ segir Sigríður og bætir við að ef álagið haldi áfram muni það hafa áhrif á bókaða tíma og hefðbundið eftirlit. „Við erum að hafa áhyggjur af því.“

Þrátt fyrir álagið hvetur hún alla með einkenni til að fara á heilsugæsluna. „Ef fólk er lasið, en það



Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

er ágætt að undirstrika að ef fólk er ekki lasið þá á það ekki koma.“ Spurð um hvort óvenju mikið sé af pestum nú í marsmánuði miðað við síðustu ár segir hún tilfinninguna vera þannig. „Ég er ekki með tölurnar á því en tilfinningin er sú. Það er náttúrulega enn þá bara brunagaddur. Okkur finnst ekkert lát vera á,“ segir Sigríður. ■



VEIÐIN
FÖSTUDAGA KL. 20.00

Veidimaðurinn Gunnar Bender býður landsmönnum í veiðiferð á Hringbraut.



Samherjahjónin til bjargar Smámunasafninu í Sólgarði

Smámunasafninu í Eyjafjarðarsveit, sem vakið hefur athygli á heimsvísu, er borgið að minnsta kosti næsta áratuginn – og þarf ekki einu sinni að borga leigu fyrir afnotin af gamla félagsheimilinu Sólgarði.

ser@frettabladid.is

MENNING Hjónin Kolbrún Ingólfsdóttir og Kristján Vilhelmsson, sem gjarnan eru kennd við sjávarútvegsfyrirtækið Samherja, hafa keypt félagsheimilið Sólgarð í Eyjafjarðarsveit, en það hefur hýst Smámunasafn Sverris heitins Hermannssonar um árabil.

Með kaupnum er framtíð safnsins tryggð, en óvissa ríkti um afdrif þess eftir að stjórn sveitarfélagsins afreð að setja húsnæðið á sölu til að afla fjár í reksturinn, en það er meðal annars að reisa nýjan leikskóla í Eyjafjarðarsveit sem kostar sitt.

„Við fundum til okkar ábyrgðar sem íbúar í sveitinni,“ segir Kristján, en þau Kolbrún keyptu þar jörð fyrir hálfum öðrum áratug, norðan við kirkjuplássið Grund, þar sem heitir Hólshús, og hafa reist sér einbýlishús á landinu.

Sólgarður stendur í gamla Saurbæjarhreppi, en eftir að hann sameinaðist Hrafnagilshreppi og Öngulsstaðahreppi, hinum framhæppinum í botni Eyjafjarðar og til varð Eyjafjarðarsveit, var nokkuð ljóst að tilvist félagsheimilisins í Sólgarði í sinni gamalkunnu mynd yrði tvísýn.

„Sveitarfélagið hefur lengi viljað losa sig við þessa eign,“ segir Kristján, en fyrir vikið hafi margir óttast um örlög Smámunasafnsins – og



Kolbrún Ingólfsdóttir og Kristján Vilhelmsson búa í Hólshúsum í Eyjafjarðarsveit og hafa nú keypt gamla félagsheimilið í sveitinni sinni. MYNDIR/ADSEND



Leikstjórinn og leikkonan Jodie Foster heimsótti Smámunasafnið fyrir árinu og sést hér ásamt safnstýrinni Sigríði Rósu Sigurðardóttur.

ekki að ástæðulausu, því á tímabili var talað um að pakka því niður í gáma og koma fyrir á geymslusvæði.

„Þetta er einstakt safn,“ minnir Kristján á – og það geta fleiri staðfest, því það hefur raunar vakið heimsathygli. Skemmst er frá því að segja að leikkonan og leikstjórinn Jodie Foster sótti safnið heim

meðan tókur á þáttaröð hennar, True Detective, stóðu yfir í Eyjafirði.

„Allt safnið sýnir í raun ævistarf þessa merka handverksmanns sem Sverrir smíður Hermannsson var, en hann vann lengst af við að gera upp gömul hús og henti, að sögn, engu sem hann handlék,“ segir Kristján.

„Safnið verður áfram í forsjá sveitarfélagsins og eftir atvikum áhugasamra einstaklinga sem vilja leggja því lið,“ bendir Kristján á, en þau hjónin hafa afraðið að safnið fái að vera í húsinu, leigulaust, að minnsta kosti næsta áratuginn.

„Svo er þarna íbúð sem verður áfram til útleigu og í hinum enda hússins hefur kvenfélagið í sveitinni verið með afdrepp – og það er engin ástæða til að breyta því,“ segir Kristján Vilhelmsson sem segist að lokum, aðspurður, ekki hafa hugsað sér að verða húsvörður í Sólgarði þegar fram liða stundir. ■

Parket útsala 25-50 %

30%

Græn vara

Alsapan

Harðparket
Eik, 1286x214x12 mm,
5G læsing, AC 6
respustuðull. 147400

3.986kr/m²
~~5.694kr/m²~~

30%

Græn vara

Alsapan

Harðparket
Plato, eik, 12 mm,
4V AC6. 1474009

3.942kr/m²
~~5.631kr/m²~~

40%

Græn vara

Kaindl

Harðparket
Ljós eik, þriggja stafa,
1285x192x8 mm,
AC4. 147075

1.944kr/m²
~~3.240kr/m²~~

30%

Græn vara

Kaindl

Harðparket
Eik, 8x1383x193 mm,
AC5. 147010

2.791kr/m²
~~4.234kr/m²~~

50%

Berry Alloc

Harðparket
Stærð: 2410x214x10,3 + 2 mm,
fasað, vatnsvörn, AC 6
respustuðull. 147554

4.807kr/m²
~~9.615kr/m²~~

35%

Lamett

Vinylparket
Fiskibeinamunstur,
dökk eik. 147501

5.576kr/m²
~~8.579kr/m²~~

Flísar útsala 25-50 %

50%

Græn vara

Pamesa ceramica

Flísar
Style Merengo,
30,3x61,3 cm,
R9. 8611176

2.317kr/m²
~~4.635kr/m²~~

30%

Græn vara

Pamesa ceramica

Flísar
CR Niro, hvít,
30x60 cm,
Rectif. R9.
8611226

3.242kr/m²
~~4.967kr/m²~~



HÚSASMIÐJAN

FYRIR
ÞIG

Parket
útsala



Allir út
á gólf

Parket og flísar
25-50 %



Parket
útsölublað
Skannaðu kóðann

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Myglusveppasýki eykst mjög mikið

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Heimsóknum fólks á heilsugæslustöðvar vegna myglusveppasýki hefur fjölgað mikið. 462 einstaklingar sóttu á stöðvarnar vegna myglu á árunum 2012 til 2022. Af því 133 manns á árinu 2022, eða rúmur fjórðungur. Enginn leitaði til heilsugæslu vegna veikinda tengdra myglu árin 2014 og 2015.



Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra

Þetta kemur fram í svari Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, þingmanns VG. Þrjátíu og fjórir komu á sjúkrahús vegna myglusveppasýki árin 2010 til 2022. Voru sjö lagðir inn. Mögulegt þykir að tilfelli séu van-skráð. ■

Frumvarp Jóns er á lokametrinum

katrinasta@frettabladid.is

ALÞINGI „Þetta skiptir miklu máli fyrir þá sem málið varðar og skiptir máli að loksins klára þetta sem er búið að vera lengi í undirbúningi“ segir Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra.



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

Annarri umræðu útlendinga-frumvarps hans er lokið á þingi Allsherjar- og menntamálanefnd lauk umfjöllun um málið í síðustu viku og verða greidd atkvæði um frumvarpið á mánudag. „Þetta er náttúrlega mikill áfangi,“ segir Jón. ■

Asbestplötur fjarlægðar úr Laugardalslaug

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Umtalsverðar framkvæmdir standa yfir í Laugardalslaug við að fjarlægja asbestplötur úr lofti í starfsmannarými, gufubaði, nuddstofu og í kjallara. Töluvert rask hefur verið af þessu en gufubaðið er að minnsta kosti opið á ný.

„Það er verið að kanna hvar sé asbest í húsinu og fjarlægja það,“ segir Árni Jónsson, forstöðumaður Laugardalslaugar. Asbestið kom í ljós þegar verið var að laga leka frá stúku ofan í starfsmannarými. Asbest er krabbameinsvaldandi



Lausnin var að kaupa air-fryer.



Árni Jónsson, forstöðumaður Laugardalslaugar

efni sem verður hættulegt þegar það er hreyft, það er þegar rykið af því þyrlast upp.

Aðeins má rífa niður asbest með leyfi og undir eftirliti heilbrigðis-eftirlits og af ákveðnum verkþökum, sem eru Íslenskir aðalverktakar í þessu tilfelli.

Setja þarf plöturnar í plast og flytja burt í læstum gámi. Á eftir þarfsvo að gera loftsýnatöku og ekki má vera í rýminu fyrr en asbestið er horfið úr andrúmsloftinu.

Gufubaðið var lokað í tíu daga og nuddstofan hefur verið færð tíma-bundið. Árni býst við að niðurrifið í

starfsmannarýminu klárast á næstu sjö til tíu dögum en það gæti tekið mánuð að klára niðurrif í kjallaranum.

Töluvert rask er af þessu fyrir starfsfólk, sem missir eldhúsið og aðstöðu sína um tíma. Þarf það að hafast við í gömlu afgreiðslunni og sjoppunni á meðan. „Lausnin var að kaupa air-fryer. Það verður að reyna að gera gott úr þessu,“ segir Árni kíminn.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem asbest finnst á staðnum. Árið 2020 var greint frá því að það hefði verið fjarlægt úr rými undir stúku. ■

Íbúum hér fjölgar ört og gætu orðið fjögur hundruð þúsund á næsta ári

Straumur innflytjenda ber fjölgun uppi, húsnæðismálin eru lykilkjör í búsetuvali, vaxtarverkir eru á Suðurnesjum en Skagfirðinga vantar fleira fólk.

bth@frettabladid.is

BYGGÐAMÁL Landsmönnum fjölgar nú hraðar en áður. Um áramótin voru íbúar landsins 387.758 og hafði fjölgað um 11.510 milli ára, um 3,1 prósentustig. Straumur innflytjenda vegur þungt í þróuninni. Verður 400.000 manna markinu náð síðla árs 2024 ef fjölgunin heldur áfram á sama hraða og verið hefur.

Staðan er mjög mismunandi eftir landshlutum. Öll svæði eru í mínus miðað við vöxtinn á Suðurnesjum.

Íbúafjöldi á Norðurlandi vestra stendur nánast í stað, 28 íbúa fjölgun, en íbúum á Suðurnesjum fjölgaði á sama tíma um tæp 2.000 eða 6,7 prósent. Á höfuðborgarsvæðinu var fjölgunin 2,8 prósent. Fólk fjölgaði yfir landsmeðaltali á Suðurlandi, um 1.368 einstaklinga.

Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir að áður hafi öll svæði verið í mínus gagnvart fjölgun á höfuðborgarsvæðinu en nú séu öll svæði í mínus gagnvart Suðurnesjum.

„Við vitum ekki hve mikil festa er í hópi innflytjenda, hve margir ætla sér að vera hér til lengri tíma,“ segir Þóroddur. Hann segir mikla þenslu og skort á vinnuafli leiða til þess að fólk streymir til landsins.

Ljóst er að framboð á húsnæði ræður miklu um gang mála. Fólk með annað ríkisfang sem kemur til



Stóraukin ferðapjónusta skýrir að hluta fordæmalaus mannfjölgun á Suðurnesjum.

FRÉTTABLAÐIÐ
VALLI

Það opnaðist mikið þegar varnarliðið hvarf af landi brott.



Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ

landsins þarf húsnæði. Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri í Skagafirði, segir að þar vanti íbúðarhúsnæði sem skýri að hluta hve erfiðlega gengur að fjölga fólki á svæðinu.

„Það háir okkur að það hefur verið hert verulega að getu fólks til að taka húsnæðisla, það er miklu erfiðara fyrir einstaklinga að byggja en áður.“

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir aftur á móti að nægt húsnæði sé fyrir hendi þar á bæ, enda hefur það þurft til að hýsa gríðarlega margt nýtt fólk. Nú sé verið að undirbúa byggingarleyfi 1.000 nýrra íbúða umfram aðrar framkvæmdir í gangi, sem séu verulegar.

Kjartan Már segir að mikið framboð af húsnæði og stór leigumarkaður sé lykilkjör í hinni öru íbúafjölgun. „Það opnaðist mikið þegar varnarliðið hvarf af landi brott,“ segir hann. Hin ástæðan sé mikil fjölgun ferðamanna og nálægð starfa við Keflavíkurflugvöll.

Bæjarstjórinn neitar ekki að margs konar áskoranir fylgi svo

hröðum vexti. Sú nýjasta sé fjöldi hælisleitenda, ekki síst frá Úkraínu. Mikill fjöldi aðfluttra barna hafi kallað á gríðarlega uppbyggingu í skólakerfinu, enda sé verið að byggja þrjá nýja skóla. 25 tungumál eru töluð í leik- og grunnskólum og þjóðernin eru á annað hundrad.

Árneshreppur á Ströndum er fámennasta sveitarfélag landsins með 47 íbúa. Þar fjölgaði íbúum þó hlutfallslega mest, eða um 12 prósent milli ára, sem ígildir fimm manns.

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps, segir íbúafjölgunina þar felast í fimm manna fjölskyldu en leit að húsnæði standi yfir fyrir hópinn.

„Sveitarfélagið á fimm íbúðir sem er örugglega landsmet miðað við höfðatölu, en við eigum engar lausar íbúðir handa neinum,“ segir Eva sem kveðst bjartsýn á lausn. ■

Jón Ásgeir segir krónuna vera versta óvininn og halda fjárfestum í burtu

olafur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Skeljar fjárfestingarfélags, segir íslensku krónuna vera versta óvin íslensks atvinnulífs. Krónan sé ástæða lítillar fjárfestingar erlendra aðila á markaði hér á landi.

Í ávarpi stjórnarformanns í árs-skýrslu Skeljar fyrir 2022 skrifar Jón: „Fjárfesting erlendra aðila á markaði hér á landi er mun minni en á Norðurlöndum. Það er ekki vegna þess að það sé skortur á afli, þekkingu, hugviti eða dugnaði í íslensku atvinnulífi, heldur er skýringuna að finna í íslensku krónunni, sem er versti óvinur atvinnulífsins og fólksins í landinu – en meira um það síðar.“



Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Skeljar

Samkvæmt þessu hyggst Jón Ásgeir tjá sig betur um þetta atriði síðar.

Aðalfundur Skeljar fór fram í gær. Árið 2022 var það besta frá upphafi. Í ávarpi Jóns Ásgeirs kemur fram að breyting á félaginu úr rekstrarfélagi í fjárfestingarfélag hafi leitt af sér breytingu á framsetningu árs-reiknings. Verðmæti séu sýnilegri gagnvart fjárfestum en áður og með



Stjórnarformaður Skeljar segir erlenda fjárfestingu á Íslandi minni en á hinum Norðurlöndunum.

endurmati eigna og innleystum hagnaði var hagnaður ársins 17,5 milljarðar sem er methagnaður í 95 ára sögu félagsins, sem fyrir nafnbreytingu hét Skeljungur. ■

**ÍÞRÓTTAVIKAN
MEÐ BENNA BÓ**

FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT



TILBOÐ

20% afsláttur*

HAY Mags og Quilton sófar



HAY

Mags og Quilton sófar frá HAY samanstanda af margnota einingum svo hægt er að sérsníða sófann eftir þínum hugmyndum, með legubekk, horneiningu eða viðbótarsætum til að henta hverju rými. **Fáanlegir í úrvali af litum og áklæðum.**
Tilboðið gildir til 31. mars.

Skeifan 6 / Smáralind / Kringlan / Laugavegur 7 / www.epal.is



TILBOÐ

Starbucks í sókn í Bretlandi eftir skell

helgisteinar@frettabladid.is

BRETLAND Bandaríski kaffirisinn Starbucks áætlað að opna í kringum 100 ný útibú í Bretlandi á þessu ári. Samhliða þessari ákvörðun hefur fyrirtækið fjárfest milljónir sterlingspunda í að gera upp núverandi veitingastaði sína um allar Bretlandseyjar.

Ákvörðunin kemur mörgum á óvart því rekstur fyrirtækisins fékk stóran skell í heimsfaraldrinum og fyrir rúmu ári reyndi Starbucks meðal annars að selja öll útibú sín í Bretlandi.



Kaffirisinn hyggur einnig á uppbyggingu í Mið-Austurlöndum.



Starbucks hóf fyrst innreið sína á breskan markað árið 1998.

Starbucks var fyrst opnað í Bretlandi árið 1998 en rekur þar í dag um þúsund útibú. Fyrirtækið hefur einnig tilkynnt að það hyggist opna um 300 útibú í Evrópu, Afríku og Mið-Austurlöndum.

Erfiðar efnahagsaðstæður hafa einnig verið í Bretlandi og þurfa mörg fyrirtæki innan veitinga-geirans einnig að glíma við skort á vörubílstjórum og hækkandi orkuverð. ■

Setur mörk við eitt barn á sveitarfélag

gar@frettabladid.is

SVÍPJÓÐ Karlmanni sem rætt var við í sjónvarpsþættinum Uppdrag granskning í sænska sjónvarpinu í gær reiknast til að hann eigi í dag 25 börn, 23 þeirra sem fæðst hafi eftir að hann gaf konum sæði. Sjálfur eigi hann tvö börn heima.

„Ég set mörkin við eitt barn á hvert sveitarfélag,“ sagði maðurinn sem er 45 ára gamall og fer um og gefur konum sæði fram hjá heilbrigðiskerfinu. Hann er sagður hafa

byrjað að gefa sæði til einkastofu á Stokkhólmsvæðinu árið 2016. Fljótlega hafi hann farið að hafa samband beint við konur.

„Sú tilfinning að vita að maður hefur hjálpað til við að koma barni í heiminn er töfrum líkust,“ sagði maðurinn sem ræddi við þáttargerðarfólk en vildi þó ekki koma fram undir nafni.

Annar maður sem tekinn var tali við vinnslu þáttarins sagðist sem sæðisgjafi eiga hundruð barna viðs vegar um heiminn. ■



Miltisbrandur kom upp á yfirborðið árið 2004 í Vogum og drap þrjú hross.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óljóst hver ber ábyrgð komi upp miltisbrandssmit

Þrátt fyrir að langflest tilfelli mengaðs jarðvegs séu miltisbrandsgrafir tekur íslensk löggjöf ekki nema að litlu leyti tillit til hættunnar sem stafar af sýklinum. Ábyrgð landeigenda er óljós.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Íslensk lög og reglur taka ekki nema að litlu leyti tillit til hættunnar sem stafar af miltisbrandi. Samkvæmt reglugerð ber hinu opinbera að halda skrá utan um þekktu staði en ábyrgð landeigenda og verktaka er óljós ef miltisbrandur losnar úr læðingi og smitast í fólk.

Kristín Kröyer, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir stofnunina halda utan um gögn um staðsetningar mengaðs jarðvegs og halda úti kortasjá þar sem almenningur geti séð þær. Langflestar staðsetningar í kortasjónni vísa á miltisbrandsgrafir, annaðhvort grafir sýkra dýra eða manna, eða um 160 um allt land. Þar af fleiri en tíu á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku hefur dýralæknirinn Sigurður Sigurðarson safnað saman upplýsingum, skrásett, ferðast um landið og merkt miltisbrandsgrafir að eigin frumkvæði og á eigin kostnað. Hann bendir á að sumar staðsetningarnar séu ekki nákvæmlega þekktar og öruggt sé að grafirnar séu fleiri. Sé ekki brugðist skjótt við getur sýkillinn drepið fólk á örfáum



Það er óljósara hver ber ábyrgð á svæðunum.



Kristín Kröyer, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun

dögum ef dvalargró hans koma upp á yfirborðið.

Vera Einarsdóttir, upplýsingafulltrúi Vinnueftirlitsins, segir að stofnuninni sé ekki kunnugt um hvort jarðvegsverktakar séu meðvitaðir um sýkilinn sem veldur miltisbrandi. Vinnueftirlitið veiti enga fræðslu um sjúkdóminn.

„Það fellur í hlut heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna að sjá um mengunareftirlit ásamt því að vera með umhverfiseftirlit og vakta umhverfi okkar,“ segir Vera. Verktakar ættu að geta leitað til þeirra eftir upplýsingum um einstök svæði.

Spurð um ábyrgð ef starfsmaður skyldi sýkjast segir Vera að það falli í hlut Sjúkratrygginga Íslands

að meta hvort sjúkdómur starfsfólks teljist viðurkenndur atvinnusjúkdómur. „Enn fremur verður að ætla að það fari eftir almennum reglum skaðabótaréttar um sök hvort atvinnurekandi geti talist bera ábyrgð á afleiðingum veikinda starfsfólks síns,“ segir hún.

Í nýjum drögum að reglugerð um atvinnusjúkdóma er miltisbrand ekki að finna á lista.

Samkvæmt Kristínu tekur reglugerð um mengaðan jarðveg, frá árinu 2020, einungis á upplýsingagjöf og skipulagsvinnu. Sveitarfélögum beri að taka mið af gagnagrunni Umhverfisstofnunar við deiliskipulagsgerð svo að ekki séu framkvæmdir ofan á eða of nálægt gröfunum.

„Það er óljósara hver ber ábyrgð á svæðunum,“ segir hún spurð um ábyrgð landeigenda. Það er hvort þeim beri að upplýsa til dæmis kaupendur að jörð sinni eða verktaka sem á henni starfa um miltisbrandsgrafir. Umhverfisstofnun sé sjálf ekki í beinu sambandi við landeigendur. Kristín segir að það eigi eftir að reyna á reglugerðina. Hún gerir ráð fyrir því að það sé skipulagsfulltrúa sveitarfélaganna að koma upplýsingum um miltisbrand til verktaka.

Mestallar upplýsingarnar sem stofnunin hefur koma frá Sigurði Sigurðarsyni, en einstaka ábendingar um grafir hafa borist í tengslum við skipulagsvinnu sveitarfélaga. „Það eru gríðarleg verðmæti í þessari skrá Sigurðar,“ segir Kristín. ■

Samningsleysið ekki til að spara

kristinnhaukur@frettabladid.is

NEYTENDUR Sigurður Helgi Helgason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, segir mikinn vilja hjá ríkinu til að ná samningum við sérgreina-lækna og að virkt samtal sé í gangi. Nýlega hafi tveir fundir farið fram og sá þriðji sé skipulagður í næstu viku.

„Við litum svo á að það sé alvöru samtal í gangi. Það er ekki verið að viðhalda þessu ástandi til að spara peninga,“ segir Sigurður. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær segir Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, að Sjúkratryggingum og Læknafélagi Reykjavíkur



Sigurður Helgi Helgason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

liggi ekki á að semja. Hægt sé að sækja peninga beint úr vasa sjúkl- inga í formi komugjalda.

Aðspurður hvar hnífurinn hafi staðið í kúnni og orsakað fjögurra ára samningsleysi segir Sigurður það ekki eitt atriði heldur mörg. Samningurinn sé stór og flókinn

og gjaldskráin sömuleiðis. Ekki sé hægt að uppfæra upphæðir núverandi endurgreiðslusamnings út frá vísitölu án þess að endurskoða allan samninginn.

„Sá valkostur er ekki fyrir hendi,“ segir Sigurður. „Tryggja verður að breytingar á verði og efni samninganna fari saman.“

Ein stærsta hindrunin er form samnings. Sigurður segir óskir uppi um að breyta því til að finna leiðir til að stýra heildarkostnaðinum betur. „Ekki hafa fundist leiðir til að gera það,“ segir hann.

Aðspurður segist Sigurður þó bjartsýnn á að málið leysist á þessu ári því samtalið sé gott. ■

HAMPIÐJAN

Aðalfundur

Aðalfundur Hampiðjunnar hf. verður haldinn að Skarfagörðum 4, Reykjavík, föstudaginn 24. mars 2023 og hefst klukkan 16:00.

Á dagskrá fundarins verður:

- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina árið 2022.
- Staðfesting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar reikningsársins 2022.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar.
- Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðunarfélags.
- Tillögur félagsstjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur ásamt ársreikningi félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Hver hluthafi í félaginu á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar ef framangreind skilyrði eru uppfyllt.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega eða með rafrænum hætti og þannig að dagsetning komi fram.

Stjórn Hampiðjunnar hf.

HAMPIÐJAN

VERSLUN.IS

OPIÐ
24/7

Allt hjá okkur

Við höfum þjónustað stór og smá fyrirtæki í 33 ár



Allt fyrir veitingastaði og stóreldhús

Stóreldhús eða matvinnslufyrirtæki,
við höfum mikið úrval af tækjum
og verkfærum til boða.

Mikið úrval á lager og sérpantanir fyrir
það sem hentar hverju sinni.

Allt fyrir verslanir

Hvort sem opna á nýja verslun eða
endurnýja eldri þá höfum við margra
ára reynslu í þeim efnum.

Við bjóðum uppá heildarlausnir, þ.m.t.
Hillukerfi, verðlista, innkaupakerrur,
handkölfur, kæla, frysta, hlið, kassaborð,
uppstillivörur, sérsníði og margt fleira.




Allt fyrir Lagerinn og vöruhúsið

Risavaxin vöruhús, meðalstórir lagerar
eða minni geymslur, þá höfum við lausnina.

Við aðstoðum fyrirtæki að skipuleggja, teikna
upp og setja upp brettarekkakerfi.

Einnig bjóðum við uppá fjölbreytt úrval af
brettatjökkum, hillum, skápum, boxum,
kössum, tinslúvögnum, merkingum,
öryggisvörum og margt fleira.



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur: Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Merkar útfellingar

Einstæðar útfellingar koma í ljós í nýfundnum helli sem kveikja nýjar spurningar. Óvíst hvort almenningur fær að njóta nýjasta náttúru- fyrirbæris landsins.

bth@frettabladid.is

MÝVATNSSVEIT „Það var mjög gaman að ganga þarna um í þessum nýfundna helli,“ segir Daníel Freyr Jónsson, hellasérfræðingur Umhverfisstofnunar, sem fór í gær í könnunarleiðangur niður í rangala neðanjarðar sem hefur verið kallaður Jarðbaðshellir.

Hellirinn liggur undir mannvirkjum Jarðbaðanna í Mývatnsveit. Hann fannst fyrir tilviljun við framkvæmdavinnu fyrir rúmum tveimur vikum.

Lengd hellisins er að minnsta kosti eitt hundrað metrar að sögn Daníels. Hann liggur djúpt og er sérstafa þessa magnaða náttúru-fyrirbæris að skýrast.

Daniel segir að það sem hafi komið helst á óvart séu stórmerkar útfellingar inni í hellinum. Um ræði fyrirbrigði sem tengist áhrifum jarðhita á svæðinu.

„Flest bendir til að þessar útfellingar séu mjög merkilegar. Þær hafa sennilega fengið að dafna í friði, í vernduðu umhverfi þarna neðanjarðar í þúsundir ára,“ segir Daniel.

„Það kvikna alls konar spurningar við þessa skoðun, við þurfum að sjá hvernig útfellingarnar þola andrúmsloftið,“ bætir Daníel við.

Ein sviðsmynd er að sá hluti minja í hellinum sem þyki merkilegastur njóti sérstakrar verndar en almenningur gæti farið um aðra hluta hans að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

„Það væri frábært ef almenn-
ingur gæti séð þennan helli,“
segir Daniel og hrósar rekstrarað-
ilum Jarðbaðanna fyrir fumlaus og
ábyrg viðbrögð.

Ad sögn Jóhanns Friðriks Kristjánssonar landeiganda, sem fór um hellinn ásamt Daniel í gær, er hellirinn erfiður yfirferðar. Jóhann segir að hæðarmunurinn inni í hellinum hafi komið honum mest á óvart.

„Þetta er ekki slétt gólf, svo mikið er víst,“ segir Jóhann.

„En falletg er þarna inni og opnar vonandi ýmsa möguleika í fyllingu tímans.“ ■



Einstæðar útfellingar vekja athygli vísindamanna.



Mikil lofthæð
er þar sem
hellirinn er
hæstur. Hann
er ógreiður
yfirferðar og of
snemmt að spá
um framhaldið.

MYNDIR/JÓHANN
KRISTJÁNSSON



“

Það væri
frábært ef
almenn-
ingur gæti
séð þenn-
an helli.

Daniel Freyr
Jónsson, hella-
sérfræðingur
Umhverfis-
stofnunar



Gledilega páska

Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Páskaegginn frá Nóa Síríus eru tilbúin. Það eru spennandi nýjungar í boði og egg sem hæfa öllum. Þau eru nefnilega allskonar, sæt stökk smá og stór en fyrst og fremst ómótstæðileg.

Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!

Eldflaugar framtíðarinnar prentaðar í þrívídd

Nú um helgina verður fyrstu þrívíddarprentuðu eldflauginni skotið á loft frá Canaveral-höfða í Flórída. Fari allt samkvæmt áætlun er talið að eldflaugin gæti umturnað smíði og hagkvæmni eldflauga í framtíðinni.

helgisteinar@frettabladid.is

BANDARÍKIN Fyrr í vikunni, þann 8. mars, sat eldflaug á skotpalli við Canaveral-höfða tilbúin að brjóta blað í sögunni með því að vera fyrsta þrívíddarprentaða eldflaugin til að taka á loft. Eldflaugin er 33 metrar á hæð og 85 prósent af henni voru smíðuð með þrívíddartækni.

Þegar aðeins mínúta var til flugtaks þurfti að aflýsa geimskotinu sökum tæknilegra erfiðleika. Ný dagsetning var hins vegar ákveðin og mun þessi sögulega eldflaug koma til með að rjúfa gufuhvolfið á morgun, laugardaginn 11. mars, klukkan 18.00 að íslenskum tíma.

Það var bandaríska fyrirtækið Relativity Space sem smíðaði þessa eldflaug sem ber nafnið Terran 1. Ef geimskotið á morgun fer samkvæmt áætlun verður vonandi hægt að taka næsta skref sem verður að undirbúa Terran R eldflaugina fyrir geimskot árið 2024.

Sú eldflaug verður tvöfalt stærri og mun hafa 20 tonna burðargetu. Þar að auki verður eldflaugin sjálf endurnýjanleg og tekur ekki nema tvo mánuði að smíða hana.

Fari flugtakið samkvæmt áætlun



Árið 2024 verður sannkallað geimár, en Artemis 2 mun einnig fljúga eftir sporbaug tunglsins. **FRÉTTABLAÐIÐ/EPA**

Þrepin þrjú


Eldflaugahreyflar miðast yfirleitt við mismunandi „þrep“ við flugtak. Fyrsta þrepið er geimskotið sjálft þegar aðalhreyflarnir eru að koma eldflauginni af jörðu. Þeir losna svo af þegar eldsneytið klárast eftir nokkrar mínútur og falla til jarðar. Annað þrepið knýr svo eldflaugina út í geim og seinasta þrepið er hreyfillinn sem kemur geimfarinu á áfangastað.

verður Terran 1 einnig fyrsta eldflaugin sem kemst á sporbaug jarðar á metangasi en hreyflar eldflaugarinnar eru knúnir áfram með blöndu af metani og fljótandi súrefni. Metan er talið vera mun hagkvæmari kostur en steinolia þar sem það er bæði ódýrara og húðar ekki hreyflana með leifum á sama hátt og steinolia. Það þýðir að þessi endurnýjanlega eldflaug mun ekki þurfa jafn mikið viðhald á milli geimskota.

Hægt verður að fylgjast með geimskotinu á Terran 1 í beinu streymi frá Canaveral-höfða á heimasíðu Relativity Space. ■

Fyrsta þrívíddarprentaða eldflaug heims

Terran 1 er fyrsta eldflaug sinnar tegundar sem prentuð er með þrívíddartækni og eru vonir bundnar við að slíkar eldflaugar verði algengar í geimferðum framtíðarinnar.



Fundarboð Kviku banka hf.

til aðalfundar 30. mars 2023

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:

- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðð starfsár.
- Ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu. Stjórn Kviku leggur til að greiddur verði út arður til hluthafa bankans sem nemi kr. 0,4 á hlut sem jafngildir kr. 1.912.410.328, að teknu tilliti til eigin hluta.
- Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
- Tillaga um lákkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins.
- Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
- Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
- Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðenda félagsins.
- Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar félagsins.
- Önnur mál.

Meginefni tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum:

Stjórn félagsins leggur til að hlutafé félagsins verði lákkað um 147.871.265 kr. að nafnvirði með ógildingu jafn margra eigin hluta sem keyptir voru samkvæmt formlegri endurkaupaáætlun á árinu 2022. Óskað verður eftir samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) fyrir lákkun hlutafjárins með ógildingu á eigin hlutum í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Verði tillagan samþykkt, og heimild veitt af hálfu

FME, lákkar hlutafé bankans úr 4.928.896.981 kr. í 4.781.025.716 kr. að nafnvirði.

Auk þeirrar breytingar á samþykktum sem felst í tillögu stjórnar um lákkun hlutafjár leggur stjórn til að bætt verði við aðra málsgrein greinar 3.5 samþykktanna að til aðalfundar félagsins skuli boða minnst þremur vikum fyrir fund og lengst sex vikum fyrir fund. Þá leggur stjórn Kviku til að tilkynna skuli með minnst fimm daga fyrirvara um þátttöku á hluthafafundi í samræmi við nýtt ákvæði 5. mgr. 80. gr. laga um hlutafélög. Loks er lagt til að fellt verði niður bráðabirgðaákvæði I, II og IV ásamt því að breyta númerum bráðabirgðaákvæðis III í I og bráðabirgðaákvæðis V í II.

Aðrar upplýsingar:

Fundarstörf fara fram á íslensku. Fundargögn eru aðgengileg á heimasíðu félagsins á íslensku og ensku utan þess að ársreikningur félagsins er eingöngu aðgengilegur á ensku. Dagskrá, endanlegar tillögur, starfskjarastefna, ársreikningur félagsins og önnur fundargögn munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Katrínartúni 2, Reykjavík, hluthöfum til sýnis í 21 dag fyrir aðalfund. Umrædd gögn, ásamt upplýsingum um frambjóðendur til stjórnar, eru einnig birt á heimasíðu félagsins, www.kvika.is/fjarfestaupplýsingar/hluthafafundur/.

Bodið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað í gegnum fundarkerfið Lumi AGM. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar munu kjósa rafrænt og geta borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi AGM. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku á honum að öðru leyti.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á vefsíðunni www.lumiconnect.com eigi síðar en kl. 16.00 þann 29. mars, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af gildum skilríkjum og umboði, ef við á.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM, hvort sem hluthafar mæta til fundarins á Grand Hótel eða taka þátt á rafrænan hátt.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á fundinum ef hann sendir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á heimilisfang félagsins eða á netfangið hluthafar@kvika.is. Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum skulu senda beiðni um slíkt eigi síðar en tíu sólarhringum fyrir boðaðan aðalfund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 20. mars 2023. Slíki ósk skulu fylgja drög að ályktun fundarins ef við á.

Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar fyrir aðalfund með því að senda erindi á framangreint netfang eða bera þær upp á aðalfundinum sjálfum. Þeim sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn ber að tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16:00 laugardaginn 25. mars 2023.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta nafns frambjóðanda, kennitölu, heimilisfangs, menntunar, upplýsinga um aðalstarf og starfsferil, hvenær viðkomandi tók fyrst sæti í stjórn félagsins ef við á, önnur trúnaðarstörf (t.a.m. stjórnarstörf í

öðrum félögum) og hlutafjáreign í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila. Þá skal upplýsa um önnur tengsl við félagið og hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga, einir eða í samstarfi við aðra, meira en 10% hlut í félaginu. Þeir einir eru kjörgengir til setu í stjórn félagsins sem þannig hafa gefið kost á sér. Krafa um hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir aðalfundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 laugardaginn 25. mars 2022. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar munu liggja frammi, hluthöfum til sýnis, á skrifstofu félagsins sem og á heimasíðu félagsins, eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Framboðsform til stjórnarsetu er aðgengilegt á vefsíðu félagsins.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn. Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundinum. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, dagskrá, tillögur stjórnar til hluthafafundar og önnur fundargögn ásamt umboðsformum verða aðgengileg á vefsíðu félagsins. Sé misræmi milli fundargagna á íslensku og ensku gildir íslenska útgáfan.

Stjórn Kviku banka hf.

Óþefur



Guðmundur
Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Í vikunni blossaði hann upp enn eina ferðina. Óþefurinn af nokkurra ára gömlum glórulausum ákvörðunum stjórnar Sorpu. Þar sem sjö milljörðum af peningum skattgreiðenda var beinlínis sólundað í tæki sem áttu að sjá um rusl, en reyndust vera drasl. Þið skiljið.

Nýjasti kaflinn í þessari harmsögu úrgangs á höfuðborgarsvæðinu er að nú eigi að loka blessaðri þriggja ára gömlu flokkunarstöðinni í Álfnesi.

Henda henni á haugana. Í nokkrum handhægum heimatökum innan girðingar.

Eflaust mætti hafa gaman af kaldhæðni slíkra örlaga, ef ekki væri fyrir þá staðreynd að búnadurinn, sem reyndist ónothæfur frá upphafi, kostaði íbúa höfuðborgarsvæðisins ríflega einn milljarð króna.

Þeim peningum verður nú fargað. Vegna þess að nokkrir pólitíkusar í stjórnarstólum ákváðu að hunsaðu ráðleggingar sérfræðinga og taka illa ígrundaðar ákvarðanir.

Þetta hefur núverandi framkvæmdastjóri fyrirtækisins meira að segja staðfest og sagt að fjárfestingin hafi verið með öllu óskiljanleg.

Höfum líka í huga að þessi milljarður bætist ofan á allt havarið og klúðrið í kringum GAJU. Gas- og jarðgerðarstöðina sem fór einn og hálfan milljarð fram úr áætlun, kostaði á endanum fimm komma sex milljarða en lúrir nú ónothæf í mygluðu húsnæði þétt upp við umrædda flokkunarstöð.

Þar standa þær nú saman þessar tvær stöðvar. Á haugunum. Eins og veglegir minnisvarðar um afglöp þeirra sem sífellt sækjast eftir ábyrgðarstöðum, en bera svo auðvitað enga ábyrgð þegar til kastanna kemur.

Ekki einu sinni þegar almenningur fer að klóra sér í höfðinu yfir öllum óþarflega háu gjöldunum sem óhjákvæmilega fylgja vondum ákvörðunum.

Þannig greiðum við nefnilega úr vitleysisgangi í opinberum rekstri á Íslandi. Með einföldum bakreikningum inn um bréfálúgur íbúanna. En horfum svo fram hjá þeim sem eiga að bera ábyrgð á dellunni. Þeir sitja alltaf sem fastast. Hvað sem á dynur.

Kannski er það bara heppilegasta fyrirkomulagið. Einhver þarf jú að manna alla fundina. Borða snitturnar, þiggja launin og taka fleiri ákvarðanir um hluti sem þeir hafa ekki hunds-vit á. Þetta klúðrar sér ekki sjálft, sjáiði til. Einhver þarf að gera það.

Eða eins og einn þaulreyndur sveitarstjórnarmaður sagði eitt sinn þegar hann var spurður út rugl í rekstri fyrirtækja á forræði sveitarfélaga:

„Byggðasamlag er það sem gerist þegar nokkur sveitarfélög koma sér saman um að fara illa með peninga og veita lélega þjónustu.“ ■

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

gar@frettabladid.is

Handbolti frá Manchester

„Frammistaða“ íslenska karla-landsliðsins í handbolta í Tékklandi í fyrrakvöld sló sjónvarps-áhorfendur út af laginu. Virtust strákarnir okkar blessaðir algerlega í vasanum á eigin vantrú á getu sína og klúðruðu meira og minna öllu sem hægt mun vera að klúðra í einum handbolta-leik. Þið sáuð þetta sjálf. Var eiginlega eins og Manchester United hefði sent sitt lið á vettvang fyrir okkar hönd. Það var aðeins Björgvin Páll Gústafsson sem virtist vera með sjálfum sér. Sem betur fer. Þetta er mjög furdulegt því mikið veltur á einvíginu við Tékkka sem reyndar er ekki lokið því Ísland á heima-leikinn á sunnudag eftir. Hann getur ekki orðið eins slæmur. Eða hvað?

Á bak við tjöldin

Eitthvað hlýtur að hafa gengið á bak við tjöldin hjá Handboltasambandi Íslands í aðdraganda þessara mikilvægu leikja úr því ákveðið var að vísa þjálfaranum á dyr án þess að hafa annan í bakhöndinni. Óvíst er samt hvort það hafi ráðið því að íslenska liðið spilaði rassinn úr buxunum í Tékklandi. Sýnist helst sem eitthvert dularfullt innanmein sé að plaga landsliðshópin sem nær ekki betur saman en raunin var og hver leikmaðurinn á fætur öðrum gerir mistök á færibandi. Var kannski rangur maður látinn fara? ■

Vinna að jafnrétti



Líneik Anna
Sævarsdóttir
þingmaður
Framsóknar

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna var fyrr í þessari viku. Þessi dagur gefur ávallt tilefni til að ígrunda stöðu jafnréttismála hér á landi og í heiminum öllum.

Það er sláandi að þessa dagana berast þau tíðindi frá 67. fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna að það heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem við eigum hvað lengst í að ná sé markmiðið um jafnrétti kynjanna.

Hér á landi höfum við náð eftirtektarverðum árangri á mörgum sviðum jafnréttis en víða eigum við þó enn langt í land. Vinna að jafnrétti er og verður stöðugt og viðvarandi verkefni. Það verður aldrei þannig að við getum hallað okkur aftur og sagt að öllum markmiðum hafi verið náð, því þá er hætt á að áunnin réttindi tapist og framþróun stöðvist. Okkur ber skylda til að halda vinnunni áfram á öllum sviðum samfélagsins.

Áskoranirnar hér á landi eru margar, launamunur og kynjaskipting starfa á vinnumarkaði og kynbundið námsval sem að minnu álti tengist kynbundnu námsframboði. Fylgja þarf eftir hvers konar úrbótum í vinnu gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi sem nú er í gangi, eftir að við höfum allt of lengi verið sofandi gagnvart áhrifum ofbeldis á einstaklinga og samfélag. Þá eigum við margt ólært varðandi leiðir til að tryggja konum af erlendum uppruna jafnrétti í íslensku samfélagi.

Þessi misserin sjáum við bakslag á heimsvísu vegna náttúruhamfara, stríðs og pólitískra átaka. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hvetur til tafarlausa og samræmdra aðgerða til þess að flyta því að jafnrétti náist á milli kynjanna og um leið er kastljósinu beint að nýsköpun, tæknibreytingum og menntun kvenna á stafrænni öld.

Hjá UN Women er unnið að því alla daga ársins að tryggja réttindi kvenna og stúlkna um allan heim og þrýsta á aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að virða sáttmála sem varðar réttindi kvenna og stúlkna. Stríði fylgja auknar líkur á kynbundnu ofbeldi, man-sali og almennri neyð. Stóra óskinn er að konur fái tækifæri til að vinna að friði. Friður er grundvöllur jafnréttis. ■

Þá eigum við margt ólært varðandi leiðir til að tryggja konum af erlendum uppruna jafnrétti í íslensku samfélagi.

Alex og William manual hvíldarstólar



Nú með
20%
afslætti



Alklæddir
Anelín leðri
Litir: svart,
dökkbrúnt og cognac

Alex manual með 20% afsl. 195.000 kr. William manual með 20% afsl. 215.000 kr.

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Breyttar fréttir

Í dag

Guðmundur Steingrímsson



Í bernsku minni voru kvöldfréttir Ríkisútvarpsins heilög stund. Fréttastef Atla Heimis ómaði um eldhúsið. Rokið var til og hækkað í tækinu. Kvöldmatur á borði. Sussað. Fréttapulur hóf upp raust sína. „Afli línubáta hefur verið með versta móti það sem af er vetri. Þýrla Landhelgisgæslunnar sótti veikan sjóliða á tíunda tímanum í morgun. Íslenska handboltalandsliðið stóð ekki undir væntingum. Von er á djúpri lægð og ört vaxandi suðvestanátt.“

Að þessu loknu var kveikt á kvöldfréttatímum sjónvarpsstöðvanna. Á einum og hálfum tíma var nokkurn veginn sama fréttapula dagsins endurtekin, þar til nokkuð örugglega mátti fullyrða að það sem gerðist hefði ábyggilega ekki farið fram hjá neinum í heimilishaldinu. Og dag hvern dattu fjögur til fimm blöð inn um bréfalúguna, með mismunandi sjónarhólum á þær hinar sömu fréttir. Stundum þó með æsandi skúbbum.

Nú er öldin önnur. Á einhverjum tímamarki í lífi mínu, þegar ég var kominn til vits og ára og farinn að hafa sjálfstæð og afgerandi áhrif á stillingu viðtækja í mínu nærumhverfi – sem er mikilvægur áfangi í lífi hverrar manneskju – gerði ég uppgötvun. Áhrif hinna afmörkuðu línulegu fréttar-

tíma á sálarlífið voru of ískyggileg. Í hvert skipti sem ég hlustaði á fréttatíma, þyrmdi yfir mig. Þirringur óx og kippir urðu í andliti. Orka þvarr. Lund dofnaði. Ég gat ekki lengur fengið það svona beint framan í mig í einum pakka hvað hefði farið úrskeiðis þann daginn í heiminum og hverjir hefðu gert upp á bak. En það er jú meginuppistaða fréttar.

Eftir sem áður – hafandi jú hafið störf sem blaðamaður á dagblaði undir styrkri stjórn Indriða G. Þorsteinssonar á unglingsárum – gat ég ekki annað en skilgreint mig sem fréttafíkil. Þörf mín fyrir fréttir fór hins vegar smám saman að leita í aðra farvegi, líkt og þörf veraldarinnar allrar. Vefsíður hófu göngu sína. Hægt er að vera betur upplýstur um dagleg tíðindi en nokkurn tímann áður, með mun minni fyrirhöfn og án þess að öllum skakkaföllum mannkynsins sé sturtað yfir mann í einu. Maður guðar á stafræna fréttagluggann eftir þörf og hlaðvörp óma í eyrum mínum í sívaxandi mæli. Alls konar fréttaskýringar og hressandi viðtöl eru nú hluti af daglegri fréttaneyslu minni, með mun betri áhrifum á hugarþelið. Ég stjórna flæðinu.

Löngunin til að lesa fréttir á prenti hefur að sama skapi minnkað. Mér hefur smám saman opinberast – í þessari veröld þar sem aðgengi að fréttum er í raun alltumlykjandi – hversu fátíðlegt það er að höggva tré einhvers staðar, búa til pappír, prenta á það myndir og stafi og láta svo næturhrafna keyra hið áprentaða blað heim til mín svo ég geti lesið það – eða ekki – og fyllt bláu tunnuna með því.

Úti í heimi eru fjölmiðlar gjörbreyttir. Bandaríski fréttar-



miðillinn New York Times hefur augljóslega uppgötvað að engu máli skiptir lengur að bera fréttir í hús. Bera þarf fréttir í síma. Símarinn eru nýju lúgunar. Í sínum sínum opnar fólk, þar á meðal ég, á hverjum degi glæsilegt smáforrit New York Times, þar sem urmull af vönduðum fréttum, fréttaskýringum og hugvekjandi skoðanapistlum bíður, til að lesa yfir kaffibollanum. Fjölmiðlar sem ætla sér að keppa í úrvalsdeild eru ekki lengur blöð, útvarpsstöð eða sjónvarpsstöð. Þeir eru forrit. Útvarpsþættir eru hlaðvörp í eyra. Sjónvarpsstöðvar eru app í boxi.



Fjölmiðlar sem ætla sér að keppa í úrvalsdeild eru ekki lengur blöð, útvarpsstöð eða sjónvarpsstöð. Þeir eru forrit.

nokkurn veginn eins og þá. Veðjað er á fréttabréf í tölvupósti. PDF-skjöl eru lútin nægja sem stafrænar birtingarmyndir prentmiðla. Á þessu stafræna, netvædda landi virðast fjölmiðlar fastir í gömlum hjólförum. Vakning er í hlaðvörpum, en að öðru leyti er lítið að ske. Ég spái hinu augljósa: Sá miðill sem fyrstur kemst almennilega í símana, með vönduðu smáforriti sem býður upp á fréttir andartaksins, skoðanir, skýringar og umfjallanir með tilheyrandi upplýsinga- og skemmtanagildi, hann vinnur.

Megi kapphlaupið úr húsunum í símana hefjast sem fyrst, því málið er jú smá áriðandi: Íslenskir fjölmiðlar verða að hysja upp um sig brækurnar. Annars verða ekki sagðar neinar fréttir í framtíðinni af afla línubáta, þýrlu Landhelgisgæslunnar, vonbrigðum handboltalandsliðsins eða lægðardrögum með vaxandi suðvestanátt, og þaðan af síður á íslensku. ■

Íslendingar borga margfalt meira



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
Þingmaður
Viðreisnar

Hvers vegna þarf margfalt hærri vexti hér á landi til að bregðast við sömu verðbólgu og í öðrum Evrópuríkjum? Ísland er auðvitað ekki eina landið sem finnur fyrir verðbólgu núna en stóra spurningin er hins vegar þessi – hvers vegna þarf að hækka vextina margfalt hér? Eitt er nefnilega glíman við verðbólgu. Annað er hinn séríslenski veruleiki himinhárra vaxta.

Á Íslandi er erfiðara fyrir fólk að eignast húsnæði en í nágrannaríkjunum vegna þess hvað vextir á húsnæðislánum eru háir. Matarkarfan er dýrari, húsnæðislán eru dýrari og tryggingar eru dýrari. Alþöru samkeppni milli banka er ekki til. Ástæðan er ekki síst sú að sveiflur á gengi krónunnar gera íslenskan markað lítið heillandi fyrir erlend fyrirtæki. Þau eru vön að geta gert spár lengra en nokkrar vikur fram í tímann. Sveiflurnar verja þannig fyrirtækin fyrir erlendri samkeppni og fyrir það greiðir fólk í landinu hátt gjald, í formi skertrar samkeppni og hærri verðlags.

Snjóhengjan brestur

Ég kallaði eftir svörum frá Seðlabankanum um hlutfall húsnæðislána sem eru með overðtryggt lán á breytilegum vöxtum. Þegar svör bárust rétt fyrir síðustu jól var þetta hlutfall 27%. Það þýðir að 27% lántakenda hafa tekið á sig vaxtahækk-



anir af fullum þunga, 11 sinnum í röð. Á þessu ári munu síðan 4.451 heimili losna undan föstum vöxtum overðtryggðra lána. Vaxtaskellurinn verður þessum heimilum þungur. Auðvitað hafa vaxtahækkunarir þýðingu fyrir þá sem eru með overðtryggt lán, þar sem við blasir hinn íslenski veruleiki þess að höfuðstóll láns getur hækkað þrátt fyrir mánaðarlegar afborganir.

Það er ekki jafnt gefið

Um 300 íslensk stórfyrirtæki nota ekki krónuna heldur gera upp í öðrum gjaldmiðli, oftast evru og dollara. Þær tölur liggja fyrir í svörum viðskiptaráðherra við skriflegri fyrirspurn sem ég lagði fram á Alþingi. Stóreignafólk notar íslensku krónuna ekki heldur, það getur geymt fjármuni í erlendum gjaldmiðlum. Eftir stendur þess vegna að þegar vextir hækka þá er það almenningur og minni fyrir-

tæki sem taka á sig kostnaðinn. Stærsti hluti hagkerfisins sleppur. Og auðvitað skapar þetta óréttlæti spennu. Það er einfaldlega ekki jafnt gefið.

Land jafnra tækifæra

Pólitísku spurningarnar sem þarf að svara er hvaða réttlæti er í því að fólk á Íslandi þurfi að borga íbúðina sína mörgum sinnum út af háum vöxtum? Að ungar barnafjölskyldur taki á sig miklar vaxtahækkanir á meðan aðrir hópar á Íslandi eru í skjóli evru og dollara. Stóra myndin snýst um jöfn tækifæri. Að Ísland verði land jafnra tækifæra hvað varðar möguleika á því að geta gert áætlanir og fátíð upplifa stöðugleika. Pólitíkin verður að sameinast um það stóra verkefni að tryggja jöfn tækifæri á Íslandi með almennum reglum, heilbrigðri samkeppni – og síðast en ekki síst stöðugum gjaldmiðli. ■

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts og tillögu að deiliskipulagi fyrir félagssvæði Hestamannafélagsins Sóta á Álfanesi í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Urriðaholt norðurhluti 4. áfangi - Deiliskipulagsbreyting

Tillagan gerir ráð fyrir breyttri legu Flóttamannvegur og undirgöngum undir veginn við göngustíg sem liggur milli Víflsstaðahrauns og norðurhlíðar Urriðaholts. Einnig er gert ráð fyrir að reiðstígur sem liggur meðfram Flóttamannavegi verði felldur út.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 11. maí 2023, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Hestamannfélagið Sóta á Álfanesi – Deiliskipulag

Tillagan er auglýst að nýju þar sem formleg staðfesting á samþykkt bæjarstjórnar á skipulagi svæðisins var ekki birt innan lögákveðins frests samkvæmt 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 24. apríl 2023, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.





Það er full ástæða til að fagna sigrum Kvennalista á 40 ára afmæli hans hinn 13. mars.

Arfleifð Kvennaframboðs og Kvennalista



Kristin Jónsdóttir
sagnfræðingur

Þegar er óhætt að segja að Kvennaframboð og Kvennalisti hafi skilið eftir sig ríkulega arfleifð til komandi kynslóða. Framboðin einsettu sér að fara inn í valdastofnanir samfélagsins, breyta þeim innan frá og krefjast þess að sameiginleg reynsla og verðmætamat kvenna væri metið til jafns við reynslu og verðmætamat karla. Við ætluðum að koma stefnumálum okkar af jaðrinum og inn á miðjuna og gjörbreyta umræðunni. Það tókst.

Á þeim 17 árum (1982-1999) sem Kvennaframboð og Kvennalisti áttu sæti í sveitarstjórnum og á þingi fór hlutfall kvenna á Alþingi fór úr 5% í 25% og fjöldi þingkvenna úr 3 í 16. Hlutfall kvenna í borgarstjórn fór úr 20% í 46,7%. Á landsvísi fór hlutfall kvenna í sveitarstjórn úr 6% í 22%. Þetta var sannkallaður kvennasigur.

Við komum ýmsum tabú málum á dagskrá á Alþingi, í borgarstjórn og í samfélaginu. Má þar nefna klám, nauðgunarmál, kynferðislegt ofbeldi sem og annað ofbeldi gegn konum og börnum. Sú umræða leiddi til stofnunar Kvennaathvarfs og Neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Við lyftum lokinu af veröld sem hafði ekki verið sýnileg.

Eitt stærsta baráttumál Kvennalistans var að leiðrétta laun láglaunakvenna. Í öllum stefnuskrám framboðanna var hamrað á þessari kröfu. Þar segir meðal annars „að launakjör kvennastétta verði stórbætt og óheimilt að greiða laun undir framfærslumörkum.“ Þessi krafa talar beint inn í kjara-baráttu dagsins í dag. Kvennalistinn lagði fram frumvarp um lögbindingu lágmarkslauna 1986. Eftir kosningarnar 1987 fékk formaður Sjálfstæðisflokksins umboð til stjórnarmyndunar. Hann boðaði Kvennalistann og Alþýðuflokkinn til viðræðna. Kvennalistakonur voru reiðubúnar til að slá af ýmsum kröfum, en krafan um að setja í lög bann við að greiða laun í dagvinnu undir framfærslukostnaði var ófrávikjanleg. Það voru mikil vonbrigði þegar það var ekki samþykkt. Kjósendur kunnu greinilega að meta staðfestuna því í skoðanakönnunum fyrst á eftir fékk Kvennalistinn ítrekað yfir 30% fylgi.

Við skoðuðum samfélagið í gegn-



Við höfnuðum hægri og vinstri skilgreiningum, vorum þriðja víddin.

um kvenfrelsisglæraugu, smíðuðum ný hugtök og forðuðumst gamlar klisjur. Við fundum kvennavinkil á öllum málum. Eftir að við tilkynntum framboð biðum við spenntar eftir fyrsta blaðamannafundinum. Fyrsta spurningin var: „Hvað ætlið þið að gera í hafnarmálum?“ Við áttum ekki von á þessari spurningu. En það stóð ekki á svari: „Við ætlum að setja grindverk í kringum höfnina svo börn detti ekki í sjóinn.“ Það höfðu ekki allir húmor fyrir þessu svari. En húmor var eitt af því sem framboðin lögðu ríka áherslu á þótt alltaf væri alvarlegur undirtónn. Kvennalistinn var fyrsta pólitíska

aflíð sem studdi mannréttinda-baráttu samkynhneigðra. Hann var fyrstur til að boða til pólitísku fundar með þeim og fyrsta pólitíska aflíð með sérstakan kafla í stefnuskrá um rétt samkynhneigðra.

Kvennalistinn skapaði sér sérstöðu sem umhverfishreyfing. Við vorum á móti stóriðju vegna umhverfissjónarmiða, töldum hana gamaldags og úreltan atvinnukost. Lögðum fram tillögu um stofnun umhverfisráðuneytis sem varð að veruleika tveim árum síðar.

Friður var ofarlega á blaði. Við gengum ekki inn í hefðbundna slagorðaumræðu um Ísland úr NATO, herinn burt. Við snerum upp á umræðuna og vildum leggja niður öll hernaðarbandalög og auka friðarfræðslu. Árlega voru fluttar tillögur sem tengdust kjarnorkuafvopnun.

Frumvörp voru flutt um lengingu fæðingarorlofs kvenna í 9 mánuði, sérstakt fæðingarorlof fyrir karla og að fæðingarorlofsgreiðslur skyldu miðast við full laun sem var nýnæmi. Einnig voru fluttar ýmsar tillögur um dagvistar- og skólamál. Það myndi líklega æra óstöðugan ef ég teldi upp öll þau mál sem Kvennalistakonur fluttu á þingi og í borgarstjórn.

Vinnubrögðin, valddreifing, flatur strúktúr og enginn formaður skóp Kvennaframboði og Kvennalista sérstöðu. Við höfnuðum hægri og vinstri skilgreiningum, vorum þriðja víddin.

Ein arfleifð framboðanna er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri, sem fór fram fyrir R-listann 1994. Hún hafði verið borgarfulltrúi Kvennaframboðs og þingkona Kvennalista. Hún sótti ýmislegt í smíðuðum framboðanna í borgarstjórnartíð sinni. Á fyrstu tveimur kjörtímabilum hennar jókst hlutfall barna með leikskóla-pláss í Reykjavík úr 30% í 80%. Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum óx úr 10% 1994 í 50% 2002 og launamunur kynjanna var kortlagður og gripið til aðgerða. Komíð var upp skólamötuneytum með heitum mat í hverjum skóla. Frístundaheimili eftir skólatíma voru stofnuð og svo má lengi telja.

Það er full ástæða til að fagna sigrum Kvennalista á 40 ára afmæli hans hinn 13. mars. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 10. mars 2023

KYNNINGARBLAÐ



Barnastundin er ávallt notaleg og hver veit nema Maximús Músíkmús mundi skottið.

MYND/ADSEND

Fuglar og falleg ævintýri í Hörpu

jme@frettabladid.is

Barnastund Sinfóniunnar verður haldin á morgun, laugardaginn 11. mars, og hefst klukkan 11.30 í Flóa í Hörpu. Barnastundar Sinfóniunnar er ávallt beðið með mikilli eftirvæntingu, hvort sem er hjá yngstu kynslóðinni, foreldrum hennar eða öðru venslafólki. Enda er hér um að ræða einstaklega skemmtilega leið til að kynna töfraheima tónlistarinnar fyrir tónelskum og síforvitnum ungmennum.

Á Barnastundum Sinfóníu-hljómsveitarinnar er áhersla lögð á notalegheit og nánd við hljóm-sveitina þar sem létt og leikandi tónlist er flutt fyrir allra yngstu hlustendurna og foreldra þeirra eða jafnvel ömmur og afa. Barnastundirnar njóta ávallt mikilla vinsælda og eru sannkallaðar gæðastundir fjölskyldunnar og góður upptaktur að ljúfum degi.

Vorið í algleymingi

Á Barnastundinni á morgun kynnir trúðurinn Páka, leikinn af Niels Thibaud Girerd, fallegar vorperlur og klassíska gimsteina þar sem fuglar og ævintýri eru í forgrunni. Dagskráin er um það bil hálf tíma löng og er skemmtileg samverustund fyrir yngstu börnin og aðra gesti. Hljómsveitarstjóri að þessu sinni er Nathanael Iselin og Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað syngur einsöng.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. ■



Þær Brynhildur Jónsdóttir og Dóra Kristín Briem reka Vini Little Bees, Samtök sem styðja bláfátæk börn í skólanum Little Bees.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í fátækrahverfinu býr fólk við alveg ólýsanlegar aðstæður

Í miðju fátækrahverfi í Naíróbí er rekinn 300 barna skóli fyrir íslenskt söfnunarfé. Nokkrir góðhjartaðir aðilar í hverfinu komu skólanum á fót undir forystu Lucy Amolo Odipo. Vegna þessa framtaks hefur fjöldi barna í viðkvæmri stöðu fengið tækifæri til menntunar. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is

sandragudrun@frettabladid.is

Skólinn, sem heitir Little Bees, er í Madoya-hverfinu sem er hluti af Mathare, öðru stærsta fátækra-hverfi Nairóbí. Þar opnaði níu barna móðirin Lucy Amolo Odipo heimili sitt fyrir börnum sem tekin voru af heimilum sínum vegna ofbeldis eða áttu ekki í nein hús að venda. Börnin fengu að vera hjá henni á meðan fundin voru önnur heimili fyrir þau. Lögregla og yfirvöld komu með börnin til hennar og í hverfinu urðu út frá þessu starfi til íbúasamtök sem voru formlega skráð árið 2001. Samtökin kallast Little Bees Children Self Help Project.

„Hugmyndin var að byggja saman upp hverfið, hjálpa viðkvæmustu íbúum þess, börnunum, og gera þeim kleift að ganga í skóla. Skólinn var í upphafi í litlum kofa með moldargólfi, nemendur örfáir og kennslan óformleg. Lucy Odipo, sem kölluð er Mama Lucy, rak skólann og gerir enn þann dag í dag en nú eru þar nokkrar byggingar, rafmagn, internettenging og fjölmargir nemendur,“ segir Brynhildur Jónsdóttir, ein þeirra sem reka stuðningsfélagið Vini Little Bees. Hún tekur fram að Vinir Little Bees reki ekki skólann, heldur er starfið hjálp til sjálfshjálpar.

Vinir Little Bees eru íslenskir stuðningsaðilar sem styðja börn í skólanum með mánaðarlegum greiðslum og gjöfum. Undanfarin ár hafa íslenskir aðilar stutt við bakið á um 130 börnum frá upphafi sem stundað hafa nám við skólann. Forsagan að því er að í upphafi fékk Kjartan Jónsson hjá samtökunum Vinir Kenía og Tansaníu beiðni um að aðstoða skólann þegar hann var á ferð í Kenía. Hafist var handa við að leita að styrktaraðilum og Brynhildur var ein af fyrstu styrktaraðilunum. Hún tók fljótlega að sér að halda alveg utan um aðstöðina við skólann og kallaði starfið Vini Little Bees.

Of fátæk til að ganga í grunnskóla

„Börnin í skólanum eru öll úr hverfinu, bláfátæk, búa flest í litlum bárujárnskofum og aðstæður þeirra allra erfiðar. Börnin sem njóta stuðnings Vina Little Bees eru yfirleitt þau sem hafa það allra verst, eiga ekki báða foreldra á lífi eða eiga veika foreldra og oft mörg systkini á heimilinu,“ segir Dóra Kristín Briem sem rekur Vini Little Bees ásamt Brynhildi, en báðar eru þær einnig stuðningsforeldrar.

„Á mörgum heimilum í hverfinu er enginn í fastri vinnu og dagurinn snýst víða um að ná í mat fyrir fjölskylduna með einhverjum ráðum. Það er því ekki mikil regla í lífi barnanna og ekki til peningur fyrir skólabókum, nesti í skólann eða skólabúningum. Þau eru því mörg of fátæk til að ganga í grunnskóla þó að þeir séu ríkisreknir og skólagjöldin lág.“

Börnin í Little Bees-skólanum eru á aldrinum 4-14 ára en nú er verið að breyta grunnskólakerfinu í Kenía svo að elstu börnin flytjast í aðra skóla. Eftir 14 ára aldur tekur framhaldsskóli við hjá sumum barnanna. Í skólanum læra þau kiswahili, ensku, stærðfræði, samfélagsfræði, vísindi og trúarbragðfræði. Skólinn og börnin sem þar stunda nám fá litla sem enga aðstoð nema frá Vinum Little Bees. Þau fá einhvern stuðning frá íbúum í hverfinu og foreldrum sem hafa efni á því greiða skólagjöld.

„Okkur skilst að um 300 börn séu skráð í skólann en sennilega eru færri börn sem mæta reglulega þangað. Þau fá eitthvað af námsgögnum í skólanum, bókum og ritföngum og við höfum getað fært



Fyrstu Little Bees-börnin sem fengu íslenska stuðningsforeldra. Þau Calvin, Sylwance, Nicole og Marion hafa öll farið í háskóla og Calvin er útskrifuð. Hér stendur Kjartan Jónsson stuðningsmaður stoltur fyrir aftan þau.



Lucy óskar nemendunum í Little Bees-skólanum góðs gengis.



Calvin Sarey er fyrsta stuðningsbarnið til að útskrifast úr háskóla.



Skólinn er í einu fátækasta hverfi Nairóbí.

MYNDIR/ AÐSENDAR



Gleðin skein af andlitunum þegar íslenskir stuðningsforeldrar, þar með taldar Brynhildur og Dóra Kristín, hittu börnin í skólanum.

þeim tölvur og spjaldtölvur þegar við heimsækjum skólann,“ segir Brynhildur.

„Við skólann starfa nokkrir kennarar, þar af þrjár dætur Lycy. Sonur hennar er vörður í skólanum og passar yngstu börnin eftir skóla og þangað til þau eru sótt. Kennarnir eru á einhverjum launum en þau eru víst mismikil eftir aðstæðum.“

Morgunverðarklúbbur

Ef börnin væru ekki í Little Bees-skólanum, hvar væru þau þá?

„Sum barnanna gætu kannski gengið í ríkisreknu grunnskólana en það er betur haldið utan um þau í Little Bees-skólanum og

skólagjöld lág og sveigjanleg. Mörg barnanna væru hins vegar ekki í skóla heldur heima að passa systkini eða úti á götu að reyna að ná sér í mat. Stúlkurnar yrðu margar mæður alltof ungar og lítil von hjá þeim um auðveldari framtíð. Í skólanum fá þau bæði menntun og hvatningu til að komast út úr þessum aðstæðum,“ svarar Dóra Kristín en í Kenía eru um 2,5 milljónir barna á aldrinum 4-7 ára ekki skráðar í skóla.

Fá börnin einhvern mat í skólanum?

„Áður fékk skólinn eins og aðrir skólar í fátækrahverfum Kenía matargjafir frá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, World Food



Börnin inni í skólastofu með íslenska og keníska fánann.



Hér eru sömu börn og á efstu myndinni fimmtán árum fyrr. Fyrir aftan þau standa Kjartan Jónsson og Ragnar Sverrisson.

Programme, og gat með þeim gefið öllum nemendunum einfaldan hádegisverð, sem ýtti á foreldra að senda börnin í skólann. Því miður lauk því verkefni fyrir um fjórum árum og til stóð að yfirvöld í Kenía tækju sjálf við þeim matargjöfum. Sú aðstoð kom þó ekki. Mörg barnanna fengu því engan mat frá því þau vöknudú og til kvölds og voru því of svöng til að læra eða einbeita sér,“ segir Dóra Kristín. „Lucy og skólanefndin báðu okkur um aðstoð og við stofnuðum fyrir rúmu ári síðan morgunverðarklúbb. Nokkrir góðir stuðningsaðilar borga reglulega í hann og svo höfum við fengið stærri styrki líka og við sendum mánaðarlega út upphæð sem ætluð er til að kaupa hráefni í graut sem börnin fá í upphafi skóladags.

Fyrir 2.500 krónur er hægt að kaupa efni í graut fyrir tíu börn í heilan mánuð. Þó að máltíðin sé ekki sérlega næringarrík eða fjölbreytt eru kennarnir og skólanefndin alsæl með þetta og segja þetta breyta öllu fyrir börnin. Stundum hafa þau getað keypt eitthvað meira og gefið börnum hádegisverð líka. Auðvitað væri gott að geta sent meiri pening fyrir mat í skólann og okkur hefur stundum dottið í hug hvort hægt

væri að leita til fyrirtækja til að styðja slíkar matargjafir.“

Sum halda áfram í háskóla

Í upphafi var ætlunin að Vinir Little Bees veittu börnunum bara stuðning á grunnskólastiginu, eða til 14 ára aldurs, en Dóra Kristín og Brynhildur segja að þegar kom að því að þau elstu fóru að útskrifast hafi þeim fundist ómögulegt að sleppa af þeim hendinni þar sem þeirra beið í raun ekkert og erfitt var fyrir þau að finna sér vinnu.

„Við biðjum því gjarnan stuðningsaðila að hækka framlagið sitt svo við getum sent viðkomandi barn áfram í framhaldsskóla og flestir í hópi okkar dásamlegu stuðningsforeldra hafa tekið því afar vel. Núverandi stefna er því að styðja þau þar til þau ljúka framhaldsskólanámi.

Eftir framhaldsskóla er svo möguleiki á að stuðningsaðilar og börnin tengist beint og hafa að minnsta kosti sjö stuðningsaðilar haldið áfram að styðja sín börn í háskólanám. Fyrsta stuðningsbarnið okkar útskrifaðist einmitt úr viðskiptafræði á síðasta ári og tvær stelpur úr bráðaliðanámi, nokkuð sem hefði aldrei gerst nema með stöðugum stuðningi frá Íslandi. Annað stuðningsbarn útskrifast úr lyfjafræði í haust og tvær stúlkur munu útskrifast úr háskóla á næsta ári, önnur úr hagfræði og hin afbrotufræði. Af fimm fyrstu stuðningsbörnunum sem við tókum að okkur eru fjögur í háskóla. Börnin tala næstum öll um að þegar þau hafa komið undir sig fótunum sé draumur þeirra að hjálpa börnum í viðkvæmri stöðu í fátækrahverfunum.“ segir Dóra glöð.


Calvine Sarey heitir stúlkann sem er fyrsta stuðningsbarnið til að ljúka háskólanámi. Hún vinnur nú fyrir Vini Little Bees og sér um greiðslur í framhaldsskólana.

Brynhildur hefur starfað fyrir Vini Little Bees frá árinu 2006 og Dóra frá árinu 2013, en þá hafði hún styrkt börn í skólanum í nokkur ár. Þær hafa báðar farið tvisvar sinnum út til Kenía að heimsækja skólann. Lucy Odipo stofnandi skólans hefur líka heimsótt Ísland en árið 2014 fór hún í sína fyrstu utanlandsferð, alla leið frá Kenía til Íslands. Í fyrra fór svo tuttugu manna hópur frá Íslandi að heimsækja skólann. Brynhildur segir eiginlega ekki hægt að lýsa upplifuninni af að heimsækja skólann og hverfið þar sem hann er.

„Í fyrsta lagi að keyra inn í fátækrahverfi, þarna býr fólk við ólýsanlegar aðstæður sem maður getur ekki einu sinni mátað sig inn í. Fátæktin gríðarleg og húsakynnin kofar með ryðguðu bárujárnri og moldargölfum oft á tíðum. Þarna er ekki óhætt að fara einn síns liðs og fylgdi lögreglumaður okkur allan daginn,“ segir hún.

„Okkur fannst við engu að síður mjög örugg inni í skólanum. Þar fengum við konunglegar mótökur, rosalega góðan mat og hver bekkur flutti fyrir okkur skemmtiatriði, ýmist ljóðalestur eða dans og söng. Allir tóku svo þátt í tiskusýningu. Það sem er huggun harmi gegn, í allri þessari fátækt og erfiðleikum, að börnin eru bara eins og börnin á Íslandi, flest glöð og bjarteyg og opin. Það var dásamleg reynsla að hitta þau loksins augliti til auglitis, eftir að hafa fylgst með sumum þeirra árum saman í gegnum myndir og skýrslur.“

Ef lesendur hafa áhuga á að styrkja skólann má finna allar upplýsingar um hvernig það er gert á síðunni littlebeesvinir.wordpress.com. ■



DÖMUDAGAR
Dagana 8-11.mars
20-50%
afsláttur af ÖLLUM vörum og
léttar veitingar í boði

BRANDTEx

Skipholt 33 | Brandtex.is | 558 2800

Opið virka daga 10-17 og laugardaga 11-16

FRÍ
HEIMSENDING
Þegar pantað er fyrir
7.000.- eða meira á
BRANDTEx.IS

Fann ástina á Íslandi og ástríðuna í mynsturgerð

Mynsturhönnuðurinn Gabriela Fuente flutti til Íslands fyrir átta árum fyrir ástina. Hún hefur hannað fyrir stærstu tiskumerki heims og segist spennst fyrir möguleikum tækninnar þegar kemur að framtíð tiskuiðnaðarins.

jme@frettabladid.is

Gabriela Fuente er búsett hér á landi og með vinnustofu í Kópavoginum. Ferillinn hófst í fatahönnunarbransanum þar sem hún vann við vöruþróun hjá skrifstofum Adidas sem sáu um framleiðslu í Mið- og Suður-Ameríku og Mexíkó. „Ég fann að ég naut þessa kima tiskunnar ekki jafnmikið og ég hélt að ég myndi gera. Og eftir tvær annir af sömu hönnunarflokkunum: líkamsrækt, körfubolta, rúgbý og fótbolta, sá ég að starfið var ekki jafnskapandi og ég hefði viljað. Þegar ég horfði á mynstrin í flikunum ímyndaði ég mér að það gæti verið spennandi að vera manneskjan á bak við mynstrin,“ segir Gabriela.

„Ég flutti því til London, tók nokkra kúrsa í Central Saint Martins og uppgötvaði ástríðu mína fyrir mynsturgerð,“ segir hún. Eftir það tók hún að sér starfs-nemastöður hjá mynsturhönn-unarhúsum í London, Frakklandi og Danmörku. „Ég gerði mér engan veginn grein fyrir því að þetta yrði minn starfsferill þegar ég var í BA í fatahönnun,“ segir hún. „Mér fannst alltaf gaman að mála þegar ég var krakki en sá aldrei fyrir mér að ég gæti starfað við að mála og teikna.“

Flutti til Íslands fyrir ástina

Gabriela kemur frá São Paulo í Brasilíu og hefur búið í Fukui í Japan, London, Belgíu, Kaupmannahöfn, San Francisco og Barcelona. Nú hefur hún búið á Íslandi í átta ár og segist hafa flutt hingað fyrir ástina. „Ég kynntist þessum náunga, Finni, á netinu og okkur kom svona líka vel saman. Satt að segja bjóst ég aldrei við að finna ástina á þennan hátt en viti menn. Hér er ég og gæti ekki verið hamingjusamari. Við Finnur höfum verið saman í tíu ár og ég er þakklát fyrir hvern dag sem ég fæ að búa í þessu fallega landi með ástina mér við hlið.“ Hún segir veruna hér á landi hafa haft mikil áhrif á sig. „Einstakt landslagið, birtan og veðrið hefur haft óúr-reiknanleg áhrif á sköpun mína.“



Gabriela fann ástríðuna í mynsturgerð eftir að hafa starfað hjá Adidas við fatahönnun.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Þetta flotta mynstur hannaði Gabriela fyrir ástralska tiskufatamerkið Husk. MYNDIR/ADSENDAR



Gabriela hefur alltaf málað og teiknað og getur svarað þeim þorsta í mynstursköpuninni.



Eitt fyrsta skrefið í mynsturhönnun Gabrielu er að gera rannsóknir á mótifinu.

Það er sérlega vandasamt á klof-svæðinu. Sundfötin eru sérstak-lega varhugaverð og maður þarf að vita að það er enginn annar en þú að hugsa út í þetta á framleiðslu-ferlinu. Oftast er þá öruggast að hafa mynstrið í mjög stórum skala eða mjög litlum,“ segir hún.

Hannar fyrir stór tiskuhús

„Ég á stórt safn af ólíkum mynstrum sem mínir kunnar geta mætað við sína hönnun en ég vinn líka með viðskiptavinum við að hanna mynstur sem henta þeirra hönnun fullkomlega. Ef ég er að hanna mynstur sérstaklega fyrir kúnna þá gerum við það í sam-starfi því ég vil skilja þeirra sýn og markmið svo ég geti skapað við-eigandi mynstur. Góð samskipti og samvinna eru lykillinn að vel heppnaðri hönnun.“

Gabriela hefur hannað fyrir nokkra af stærstu hönn-uðum heims. „Ég var verktaki hjá



Gabriela er hrifin af afstrakt mynstri í íþróttafatnaði. Hér er mynstrið hennar notað á topp frá Panache.

”Mér fannst alltaf gaman að mála þegar ég var krakki en sá aldrei fyrir mér að ég gæti starfað við að mála og teikna.

Gabriela Fuente

FUSIONCPH í Danmörku í níu ár og þegar ég byrjaði ferilinn tók ég að mér reynslustörf fyrir Amanda Kelly, Patterns og önnur mynst-urstudíó. Enn hef ég ekki unnið fyrir nein íslensk merki,“ segir hún.

Hvernig mynstur eru í tisku?

„Tiskumynstrin sem ég hanna ráð-ast út frá því fyrir hvaða markað þau eru en ég vinn ýmist með lúxus-, íþrótt- og hraðtiskumerkj-um í Bretlandi, Ástralíu, Banda-ríkjunum, Þýskalandi, Svíþjóð, Hollandi og víðar. Hjá skandinav-íska markaðnum í hraðtiskunni verða blómamynstur, afstrakt og dýramynstur með vatnslita- og tie-dye útliti mjög vinsæl sem og klassísk blómamynstur. Sjálf elska ég sumarkjóra með blómamynstri og afstrakt mynstur fyrir ræktina.“

Möguleikar stafræns veruleika

Upp á síðkastið hefur Gabriela verið að kanna möguleika sýndar-veruleika í mynsturhönnun. „Ég hef leitað leiða til að leyfa við-skriptavinum mínum að upplifa mynstrin mín á sinni eigin hönnun á netinu. Tæknilegi parturinn er enn í vinnslu en hugmyndin er að bjóða upp á leið fyrir neytendur til að hanna stafrænar flikur með notkun filtera. Núna er þetta bara í boði fyrir mína viðskiptavini.“

Metaverse er stafrænn veruleiki þar sem fólk getur átt samskipti hvert við annað í rauntíma. „Þetta svæði býður upp á einstakt tæki-færi til að sýna og upplifa tisku á alveg nýjan hátt. Með því að hanna fyrir stafrænar flikur get ég boðið upp á nýja leið fyrir viðskiptavini til að upplifa sköpun mína. Það er hægt að klæðast hönnuninni, sýna hana og eiga við hana í sýndar-veruleikanum á allt annan hátt en er mögulegt í raunveruleikanum.“

Metaverse býður líka upp á mun sjálfbærari möguleika en tisku-iðnaðurinn. Í stað þess að búa til flikur úr hráefnum sem hafa töluverð umhverfisáhrif í för með sér, get ég skapað stafræna hönnun sem hver sem er getur nálgast, hvaðan sem er í heiminum. Ég er mjög spennst fyrir þeim möguleik-um sem sýndarveruleikinn býður upp á fyrir framtíð tiskuiðnaðar-ins og er spennst að sjá hvert þessar tilraunir leiða mig,“ segir Gabriela að lokum. ■

Íslenskt

Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein

Einstök virkni **sæbjúgnaextrakts** úr íslensku hafi

partur af lífinu

PROTIS

liðir

VERNDAR LIÐI, BEIN OG BRJÓSK

120 hyli

Íslenskt tiskubólafylli

Fæst í helstu matvöruverslunum, apótekum og á www.protis.is

NORDIC NUTRITION

PROTIS

Stærðin skiptir máli

„Ég fæ innblástur úr ýmsum áttum, náttúrunni, myndlist og menn-ingunni. Ég hef unun af því að ferðast og fá hugmyndir frá ólíkum stöðum sem ég heimsæki. Ég skoða líka hvað er vinsælt og vil hafa puttann á púlslinum á því sem er að gerast í bransanum. Ég nýt þess að vinna með ólík mótíf og sérstak-lega blóm og afstrakt form. Þessi mótíf eru gefa mikið svigrúm og má nota í alls konar vörur, allt frá flikum til húsgagna, veggfóðurs, innpökkunarpappírs og fleira.“

Þegar ég hanna mynstur byrja ég á því að skoða viðmiðunarefni og hvað er vinsælt. Þannig fæ ég litapallettuna og formin fyrir hönnunina. Næst fer ég að mála og teikna. Svo skanna ég myndirnar og bý til endurtekið mynstur úr þeim í mynsturhönnunarforriti.

Þegar kemur að því að hanna fyrir líkama þarf mynstrið að gera hönnunina áhrifaríkari og fara líkamanum vel. Skali og form skipta lykilmáli svo að þú endir ekki með ólesanlega mynd á ákveðnum hlutum líkamans.



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup,
Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó
Ókeypis heimsending af www.eylif.is


Ný vara frá Eylíf

Það er fátt jafn mikilvægt eins og að halda meltingunni í góðu lagi því hún spilar lykilhlutverk í andlegri og líkamlegri heilsu. Lifrin er stærsti kirtill líkamans og gegnir ótal mikilvægum hlutverkum í efnaskiptum. Lifrin er aðal líffærið sem stýrir efnaskiptum. Lífstíll getur haft áhrif á starfsemi og efnaskipti lifrar. Mikil alkóhólneysla, óhollur matur s.s. djúpsteiktur, sykrud- og unnin matvæli hafa áhrif á lifrina með slæmum afleiðingum fyrir heilsuna.

Kólín stuðlar að viðhaldi
eðlilegrar starfsemi
lifrar og að eðlilegum
fituskiptum¹

Dregur í sig fituefni
í meltingavegi²

Öflugur liðsauki fyrir
meltinguna og við
meltingatruflunum³



Góð næring fyrir
parmaflóruna²

Verndar beinin og
mýkir húðina³

Kalkþörungarnir innihalda
74 stein- og snefilefni
frá náttúrunnar hendi

Framleitt á Grenivík
undir GMP gæðastaðli

Nánari upplýsingar um innihaldsefnin

² Varan inniheldur Kítósan sem eru náttúrulegar trefjar úr rækjuskel og hafa rannsóknir sýnt að parmaflóran nýtur góðs af. Kítósan nærir okkar eigin parmaflórugerla (Prebiotics). Kítósan eru náttúrulegar trefjar og hafa þann góða eiginleika að draga í sig fituefni í meltingavegi. Þess vegna er mikilvægt að taka D vítamín 2 klst síðar, svo það nýtist líkamanum.

Leyfilegar heilsufullyrðingar

¹ Kólín stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum
Kólín stuðlar að viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrar
Kólín stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar hómósystem (hómósystem er áhættuþáttur æðarsjúkdóma)

³ Kalsíum stuðlar að eðlilegri starfsemi meltingarensýma
C vítamín stuðlar að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum
C vítamín stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi
Kalsíum er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra beina og tanna
C vítamín stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega myndun húðar
Magnesíum stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina og tanna

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Spenna og eftirvænting

Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra í frjálsum íþróttum verður haldið í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal á morgun og að venju ríkir mikil spenna og eftirvænting hjá keppendum.

gummih@frettabladid.is

„Það eru nokkrir tugir keppenda skráðir til leiks og þar á meðal verður okkar afreksfólk sem er að reyna að ná lágmörkum fyrir heimsmeistaramótið sem haldið verður í Frakklandi í sumar,“ segir Egill Þór Valgeirsson, formaður frjálsíþróttanefndar Íþróttasambands fatlaðra.

Að sögn Egils eru Stefanía Daney Guðmundsdóttir og Ingeborg Eide Garðarsdóttir búnar að tryggja sér lágmörkin og eiga góða möguleika á að keppa á heimsmeistaramótinu og Patrekur Andrés Axelsson er alveg við þröskuldinn að tryggja sér þátttökurétt.

Gerðu góða hluti í Dúbaí

Þau eru nýkomin heim frá Dúbaí þar sem þau kepptu á heims-mótaröð Alþjóðaólympíuhreyfingarinnar. Öll stóðu þau sig vel og Stefanía varð til að mynda í öðru sæti í langstökki í Dúbaí og Ingeborg fjórða í kúluvarpi og setti nýtt persónulegt met í greininni en hún keppti einnig í kringlukasti. Stefania, Ingeborg og Patrekur verða öll í eldlinunni í Laugardalnum á morgun.

„Það verða fleiri mót á næstu vikum og mánuðum þar sem okkar fólk hefur tækifæri á að tryggja sér sæti á HM og Patrekur mun til dæmis keppa á mótum í Sviss og á Ítalíu þar sem hann reynir við lágmarkið,“ segir Egill



Stefanía Daney varð í 2. sæti í langstökki á móti í Dúbaí á dögunum.



MYNDIR/ÍF Ingeborg Eide bætti sinn besta árangur í kúluvarpi.

Það verður gaman að sjá hvernig mótið muni ganga og ég er bjartsýnn á góðan árangur.

Egill Þór Valgeirsson

en Patrekur er hlaupari og keppir í flokki blindra. Hann keppti í 100 og 400 metra hlaupum á mótinu í Dúbaí.

Egill Þór vonast til þess að góður árangur náist hjá keppendum á Íslandsmótinu og hann segir að það sé spenna og eftirvænting hjá þeim.

Vill fá fleiri í sportið

„Það er alltaf mikil eftirvænting hjá krökkunum að taka þátt í Íslandsmóti og ég býst fast-

lega við því að við sjáum bætingar hjá einhverjum keppendum. Það verður gaman að sjá hvernig mótið muni ganga og ég er bjartsýnn á góðan árangur,“ segir Egill Þór, sem vill sjá fleiri fatlaða einstaklinga reyna fyrir sér í íþróttum.

„Við sem störfum í hreyfingunni eigum þá ósk að fá fleiri þátt-takendur í sportið því það er fullt af fólki þarna úti sem gæti verið að keppa og láta ljós sitt skína. Stærsta auglýsingin fyrir okkur er sú þegar fatlaðir einstaklingar gera

það gott á alþjóðlegum vettvangi. Þá hugsa margir um að þeir gætu alveg gert þetta líka. Sterkar fyrir-myndir eru mjög mikilvægar.“

Egill Þór segir að það sé gaman og gefandi að starfa fyrir Íþróttasamband fatlaðra. „Ég er búinn að vera í kringum þjálfun fatlaðra í um 20 ár og þetta er gríðarlega skemmtilegt og gefandi starf í alla staði.“

Íslandsmótið hefst á slaginu klukkan 12 á morgun og stendur yfir í rúmar þrjár klukkustundir. ■

Jack Nicholson lifir kyrrlátu einsetulífi

Goðsögnin, Hollywood-stjarnan og þrefaldi Óskars-verðlaunahafinn Jack Nicholson hefur ekki sést opinberlega um langan tíma og margir aðdáenda hans sakna hans af hvíta tjaldinu.

elin@frettabladid.is

Jack Nicholson er 85 ára og hefur leikið í meira en 70 kvikmyndum á ævi sinni. Hann hefur hlotið 12 Óskarstilnefningar og er sá karl-leikari sem hefur fengið flestar slíkar auk margra annarra verðlauna. Hann var gjarnan þekktur sem hjartaknúsaári enda mikill kvennamaður. Nicholson á sex börn með fimm konum en sonur hans, Ray Nicholson, fetar nú í fótspor föður síns í kvikmyndaheiminum í nýrri mynd sem nefnist Out of the Blue.

Jack Nicholson hætti kvikmyndaleik 2010 og hefur lítið sést til hans síðan. Hann býr einn á heimili sínu í Beverly Hills og lifir rólegu lífi. Vinir hans hafa áhyggjur af því að hann deyi sem einsetumaður eftir litríkt líf sem ein skærasta kvikmyndastjarna allra tíma. Jack hefur aldrei tilkynnt opinberlega að hann sé hættur að leika en ekkert hefur sést til hans í meira en tvö ár. Margir hafa talið að hann þjáist að heilabilun en hann hefur sjálfur fullyrt að heilinn sé jafn skarpur og hann hefur alltaf verið. Hann sé einfaldlega orðinn vandlátur á hlutverk.

Jack átti óvenjulega æsku. Móðir hans, ógift sýningarstúlka, June Frances Nicholson, eignaðist hann

Jack Nicholson hætti kvikmynda-leik 2010 og hefur lítið sést til hans síðan. Hann býr einn á heimili sínu í Beverly Hills og lifir rólegu lífi.

átján ára en foreldrar hennar tóku barnið að sér og sögðu móðurina vera systur hans. Þannig var það í næstum fjóra áratugi en árið 1974 afhjúpaði tímaritið Time sannleikann. Leikarinn vildi ekki viðurkenna að sú upplýstrun hefði orðið honum áfall.

Jack fór í leiklistarnám og árið 1958 fékk hann fyrsta hlutverkið í unglingamynd sem nefnist The Cry Baby Killer. Ferill hans tók strax kipp og hann varð fljótt einn þekktasti leikari heims. Hann hefur leikið í vinsælustu bío-myndum sem gerðar hafa verið og listinn er langur. Síðasta myndin var How Do You Know? en þar á undan voru þekktar myndir eins og Something's Gotta Give, As Good as It Gets og The Bucket List. Ein þekktasta myndin er þó án efa Gaukshreiðrið.

Ástkonur hans hafa verið leik- og söngkonur ásamt fyrirsætum líkt og Michelle Phillips, Jill St. John, Winnie Hollman, Bebe Buell, Lara Flynn Boyle, Kate Moss, Paz de la Huerta og Rebecca Broussard. Hann kvæntist aðeins einni konu, leikkonunni Söndru Knight. Hann átti síðar í umdeildu ástarsambandi við Anjelicu Huston. Í bók um Jack Nicholson eftir Marc Eliot segir



Ein af nýlegustu kvikmyndum Jacks Nicholson er Something's Gotta Give þar sem hann fór með aðalhlutverk á móti Diane Keaton. Myndin var frumsýnd árið 2003 og er enn í dag vinsæl enda gamansöm.



Jack ásamt syni sínum, Ray Nicholson, sem nú fetar í fótspor föður síns á hvíta tjaldinu. Hann leikur í myndinni Out of the Blue. MYND/GETTY

að hann hafi eytt miklum tíma á hátindi ferilsins í djamm og helst allan sólarhringinn.

Jack sagði í viðtali fyrir nokkrum árum að hann vildi einungis gera bíómyndir sem hreyfa við fólk, myndir um tilfinningar. Síðan bætti hann því við að unga fólkíð vildi bara sjá myndir með sprengingum og látum. „Ég mun aldrei gera svoléiðis mynd,“ sagði hann. Í viðtali við NBC sagðist leikarinn sífellt vera að lesa yfir handrit.

Jack Nicholson var síðast myndaður á leik með Lakers í Los Angeles í október 2021. Vinir Jacks segja að börnin hans komi reglulega í heim-sókn en þau eru eina tenging hans við umheiminn í dag. Glaumgosinn hefur dregið sig í hlé. ■

SILENT ROOM

Hljóðvistarklefar

SILENT ROOM FRÁ NARBUTAS

Silent Room símaklefar og fundarherbergi hafa fengið góðar móttökur hér á landi. Miklir valmöguleikar þegar kemur að bæði áklæði og svo innvolsi gefa Silent Room sérstöðu í þessum vöruflokki. Allar hliðar, bæði að innan og utan er hægt að bólstra í mismunandi áklæðum og litum að undanskildi framhliðinni sem er alltaf gler og glerhurð. Borð og veggir í klefunum fást í nokkrum litum og er hægt að velja um tengimöguleika í þeim. Hægt er að fá klefana með eða án gólfs en þá er ekkert þrep sem býður upp á aðgengi fyrir hjólastóla. Hægt er að velja um borð í venjulegri hæð og svo háborð. Við erum með úrval af hentugum sætalausnum inn í Silent Room klefana. Hægt er að fá gler eða burstað gler í bak klefans einnig.

SilentRoom XL



Stærð: W x D x H
3978x2425x2306

SilentRoom S



Stærð: W x D x H
1170x1205x2238

SilentRoom L



Stærð: W x D x H
2776x1975x2238

SilentRoom M



Stærð: W x D x H
2148x1205x2238



SYRUSSON

SYRUSSON@SYRUSSON.IS | SYRUSSON.IS | SÍÐUMÚLI 17

Töfruðu fram afríska rétti í vinkonuboði

Vinkonurnar Margrét Ríkharðsdóttir, mat-reiðslumeistari og einn af eigendum Duck & Rose, og Safa Jemai, athafnakona og frumkvöðull, eigandi að Mabrúka, tóku sig saman á dögnum og buðu vinkonum sínum í mat. Allir réttirnir voru ættaðir frá Túnis, heimalandi Söfu.

sjofn@frettabladid.is

Báðar eru þær Margrét og Safa miklir matgæðingar og vita fátt skemmtilegra en að töfra fram ljúffengar kræsingar fyrir vini og vandamenn og koma þeim á óvart með nýjum bragðtegundum. Þegar þær taka höndum saman í eldhúsinu gerast töfrarnir.

Kynni Söfu og Margrétar, sem jafnan er kölluð Magga, hófust þegar Safa hafði samband við hana til að kynna fyrir henni kryddin sín frá Túnis, en móðir Söfu vinnur kryddin og þurrkar í sólinni í Túnis.

„Ég skammast mín smá fyrir það í dag en Safa var búin reyna að ná á mig símleiðis og ég hafði ekki gefið mér tíma til að tala við hana varðandi kryddin. Hún gafst þó ekki upp, kom við einn daginn og þá gat ég ekki annað en gefið henni tíma minn. Ég heillaðist algerlega af fállegri sögunni um kryddin og fannst magnað að vita til þess að ferlið frá bónda til mín er bein leið. Mamma Söfu vinnur kryddin og þurrkar í sólinni og svo er þeim pakkað og þau send beint hingað þar sem við fáum þau í hendurnar.

Vá, bragðið af þessum kryddum, til að mynda er svartir piparinn sá besti sem þið hafið nokkurn tímann smakkað. Ég byrjaði strax að taka kryddin inn hjá okkur. Sítrónublandan og svartir piparinn eru enn í mestu uppáhaldi og túrmerik. Við Safa höldum svo saman nýsköpunarviðburð hér á Duck & Rose. Frá okkar fyrstu kynnum urðum við strax góðar vinkonur og í dag þykir mér mjög vænt um Söfu og kryddin hennar frá Mabrúka og það sem fyrirtækið hennar stendur fyrir,“ segir Magga.

Saknaði kryddanna í Túnis

Vinkonurnar eru báðar miklir matgæðingar og haldnar matar-ástríðu.

„Matarástríða mín byrjaði í bernsku. Foreldrar mínir eru miklir sælkerar og það var mikið um góðan mat og veisluhöld á mínu heimili. Ég byrjaði svo ung að læra kokkinn, eða 16 ára, kláraði námið 2010 og síðan meistaran 2015. Ég starfa við það sem ég elska mest og hef ástríðu fyrir mínu starfi,“ segir Magga sem í dag er yfirkokkur og einn eigenda Duck & Rose og eldar þar sinn uppáhaldsmat alla daga. „Mest blómstrar ástríðan við að elda heima í ró og næði fyrir góða vini. Matur er auðvitað það sem gefur okkur orku inn í lífið og því er um að gera að hafa hann úr besta mögulega hráefni sem völ er á og bera hann fram fallegan og bragðgóðan,“ segir Magga.

Safa segir matarástríðu sína hafa blómstrað í eldhúsinu hjá móður sinni í Túnis og sérstaklega áhugann á kryddunum sem móðir hennar gerði.

„Þegar ég kom til Íslands og kynntist íslensku hráefni og matargerð fann ég að stundum vantaði aðeins meira bragð. Þá var raunin sú að ég saknaði kryddanna frá mömmu, svo í stuttu máli ákvað ég að flytja þau hingað, stofnaði fyrirtækið Mabrúka og vá, hvað það var góð tilfinning að geta látið drauminn rætast og koma með kryddin til Íslands,“ segir Safa með bros á vör.



Margrét og Safa töfruðu fram afríska rétti í vinkonuboðið sem slógu í gegn. Þema kvöldsins voru kryddin frá Túnis – Mabrúka fyrirtækinu hennar Söfu.

FRÉTTABLAÐID/
SIGTRYGGUR ARI



Shaksukha rétturinn er hinn girnilegasti og sló í gegn á afríska hlaðborðinu.

Vinkonurnar hefur lengi langað til að elda saman og bjóða nokkrum vel völdum konum að njóta með sér og létu verða af því á dögnum.

„Okkur hefur lengi langað til prófa að elda saman, nota kryddin og bjóða fleirum að njóta. Við buðum báðar nokkrum góðum konum sem tengjast sumar á einhvern hátt og aðrar ekkert. Ég var til dæmis að hitta tvær dásamlegar konur í fyrsta skipti þetta kvöldið en matarboð eins og þetta er kjörið tækifæri til þess að tengja saman flottar konur,“ segir Magga.

Þema matarboðsins var afrískir réttir.

„Þetta voru norður-afrískir réttir sem ég er vön að fá á mínu heimili í Túnis og hef eldað með fjölskyldu minni,“ segir Safa.

Uppskriftir frá mömmu Söfu

Flesta réttina var Magga að elda fyrsta skipti.

„Ég hafði einungis eldað einn af réttunum sem við buðum upp á áður en það var grillaða salatið sem við vorum með útgáfu af þegar við Safa vorum með pop-up viðburð á Duck & Rose í tengslum við Nýsköpunarvikuna. Fyrir mér var þetta stór áskorun en við fengum góðar uppskriftir frá móður Söfu og ég góða leiðsögn frá henni í því sem við vorum að gera,“ segir Magga.

Mabrúka fagnar eins árs afmæli í mars og þá ætlar Safa að kynna til leiks nýja vöru en stelpurnar fengu að njóta þess að vera fyrstar til þess að prófa í boðinu.

„Ég er alvarlega að ihuga hvort sakshuka þurfi ekki að komast á bröns-seðilinn á Duck & Rose þar sem hann orðinn einn af mínum uppáhalds og sló í gegn í matarboðinu. Ég er viss um að þessi réttur eigi eftir að gleðja marga,“ segir Magga. Safa og Magga deila með lesendum uppskriftum að nokkrum réttum sem þær buðu upp á í boðinu en alls voru níu réttir í heildina.

Shaksukha fyrir 4

- 2-4 stk. tómatar, gróft skornir
- 2 stk. rauð paprika, gróft skorin
- 1 stk. laukur, gróft skorinn
- 2 stk. chili, fint skorið
- 4 hvítlauksgeirar, smátt skornir
- 1 dós tómatar
- Salt og svartur pipar frá Mabrúka eftir smekk
- 1 tsk. chili-flögur
- 1 tsk. harissa
- Smá steinselja/kóriander til þess að skreyta
- 6-8 stk. egg

Byrjið á að hita stóra pönnu með góðri ólífuolíu á. Setjið allt grænmetið á pönnuna og steikið við miðlungshita. Þegar grænmetið er farið að mýkjast bætið við tómötum í dós og kryddið svo til. Þegar þið eruð sáttt við bragðið brjótið þá eggin yfir. Gott er að setja lok yfir pönnuna, þá hjálpar gufan til við að elda eggin hraðar. Þegar eggin eru klár er gott að setja smá steinselju og eða kóriander yfir.



Flatbrauð með zatar fyrir 4

- 500 g semolina-hveiti
- 250 g hveiti
- ½ tsk. ger
- 1 tsk. salt
- 500 ml vatn

Þegar verið að steikja flatbrauðið:

- Ólífuolía
- Salt
- Zatar frá Mabrúka

Blandið saman þurrefnum í hrærivélarskál. Blandið saman og bætið svo vatninu varlega saman við þar til deigið er frekar klístrað. Leyfið skálinni með deiginu að standa örlítið svo deigið geti tekið sig, um það bil 30 mínútur. Byrjið svo að hnoða og skipta deiginu í jafnar kúlur. Deigið er svo flatt út og steikt jafnóðum á miðlungshita upp úr ólífuolíu og kryddað til með salti og zatar.

Grillað salat með túnfisk og ólífum

- 1 stk. rauð paprika
- 1 stk. græn paprika
- 1 stk. laukur
- 1 stk. hvítlaukur eða
- 6 hvítlauksgeirar
- 3 stk. tómatar
- Salt og pipar frá Mabrúka
- Cumin
- Túnfisksteik, má líka nota eldaðan úr búð, mælum þá með túnfiskinum frá Olífia
- Ólífur



Undursamlegt grillaða salatið með túnfisksteikinni og ólífunum.

Flatbrauðin eru toppuð með zatar kryddi sem kitlar bragðlaukana og passar einstaklega vel með afrískum réttum.

Hækkun leigu og íbúðaverðs í boði ríkisvaldsins



Ólafur Ísleifsson
hagfræðingur og
fv. alþingismaður

Húsnæði fyrir flóttafólk er nánast uppuríð eins og rakið hefur verið í fréttum. Í frétt Ríkisútvarpsins 4. mars síðastliðinn er haft eftir Gylfa Þór Þorsteinssyni, aðgerðastjóra móttöku flóttafólks, að gistiúrræði fyrir flóttafólk hér á landi verði fullt í þessari viku ef fram heldur sem horfir. Mikil þörf sé á húsnæði sem geti rúmað tuttugu manns og upp úr.

Þungur straumur dag hvern

Gylfi Þór segir um 50 manns koma til landsins á dag og þegar hafa hátt í 1.000 manns komið til landsins á þessu ári sem þegar er orðið hið þriðja stærsta. Útbúa á gistirými í húsnæði Domus Medica við Egils-götu í Reykjavík fyrir fyrstu nótt flóttafólks eftir að það kemur hingað til lands. Móttökumiðstöð fyrir flóttafólk hefur verið starfrækt í Domus Medica síðasta árið.

Gylfi Þór segist í tilvitnaðri frétt bjartsýnn á að hægt verði að finna meira húsnæði fyrir flóttafólk. Hann tiltekur ekki nánar til hvaða ráða verði gripið.

Markaðurinn hreinsaður upp

Haft er eftir Gylfa Þór Þorsteins-syni: „Við erum náttúrulega búin að vera að hreinsa upp markaðinn hvað þetta varðar undanfarið ár og þetta er orðið erfiðara. En ég er fullur bjartsýni, við munum ná að vinna þetta með einhverjum hætti. Það eru ýmis ráð sem við höfum sem við getum farið að nýta okkur og við sjáum til hvað gerist.“

Stórfelld umsvif stjórnvalda á húsnæðismarkaði

Fram kom nýlega að félagsheimilið Festi í Grindavík hefur verið tekið



sem húsnæði fyrir hælisleitendur. Þetta ber með sér að hinir opinberu aðilar sem hafa með höndum að útvega húsnæði fyrir allan þann fjölda sem hingað leitar erlendis frá séu að verða uppiskroppa með úrræði hafandi sópað upp húsnæðismarkaðinn.

Spurningar vakna um athafnir stjórnvalda í húsnæðismálum

Hverjir eru þeir opinberu aðilar sem hafa verið athafnasamir á húsnæðismarkaði? Hversu margar íbúðir hafa þeir á sínum snærum, á leigu eða með kaupum? Hversu hratt hefur þessum íbúðum fjölgað á umliðnum árum?

Úr því að félagsheimilið Festi í Grindavík var tekið traustataki sem húsnæði má spyrja hvers konar húsnæði annað en íbúðir hefur verið tekið til nota sem búsetuúr-

ræði? Hvaða húsnæði ræðir um í þessu efni? Nú þegar úrræði sýnast á þrotum heyrst talað um áform um gámabyggð með umtalsverðum tilkostnaði. Hvaða áform, ef rétt er eftir haft, eru uppi um að nýta flutningagáma sem íbúðarhúsnæði?

Afleiðingar fyrir leigu, íbúðaverð og verðbólgu

Þegar ríkisvaldið hefur gerst svo umsvifamikilið að því er lýst af þeim sem gerst þekkja að „við erum náttúrulega búin að vera að hreinsa upp markaðinn“ verður að spyrja um afleiðingar af þessum stórfelldu aðgerðum. Hver hefur verið þróun leiguverðs íbúða á umliðnum miss-erum og árum og hver er hlutur opinberra aðila í þeirri þróun?

Upplýsa þarf um umsvif opinberra aðila á leigumarkaði í þágu

umsækjenda um alþjóðlega vernd sem virðast svo mikil að vöxtum að þau hafi haft áhrif á leiguverð á íslenskum húsnæðismarkaði og fasteignaverð. Hækkun á verði íbúðarhúsnæðis ratar eins og kunnugt er inn í verðbólguþælingu um farveg hins illræmda húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs. Sú hækkun leiðir af sér nánast tafarlausa þyngingu á greiðslubyrði.

Veit vinstri höndin hvað sú hægri gerir?

Ákaft er kallað eftir umbótum af hálfu stjórnvalda í húsnæðismálum sem ratað hafa í ógöngur. Verðbólga hefur magnast vegna lausataka í ríkisfjármálum og launahækkana. Ungu fólkið með húsnæðislánin má sligast undir æ þyngri greiðslubyrði og raunar sýnist vart gerlegt fyrir of marga að eignast fyrstu

íbúð. Verkalýðshreyfing hefur kallað eftir aðgerðum stjórnvalda til úrbóta en svarið felst í aðgerðum sem lýst er í tilvitnaðri frétt en þær hafa hreinsað markaðinn upp til að mæta húsnæðisþörf sem skapast vegna ósjálfbærs innflutnings um galopin landamæri. Þetta eru naumast þær aðgerðir sem kallað var eftir.

Vel geymt ríkisleyndarmál

Kostnaður við hælisleitendakerfið sýnist ríkisleyndarmál. Aðeins er birtur beinn kostnaður að einhverju marki en óbeinn kostnaður fæst ekki upp gefinn.

Til þessa hefur einkum verið rætt um hinn óbeina kostnað sem skapast í heilbrigðis- og menntakerfinu og félagslega kerfinu almennt. En nú sést annars konar kostnaður sem birtist í hækkandi leigu og hækkandi húsnæðisverði og æ þyngri greiðslubyrði aflánam.

Stjórnvöld verða að upplýsa um aðgerðir sínar sem lýst er með orðunum hreinsa upp markaðinn og tefla fram áreiðanlegum upplýsingum um áhrif þessa á leigu og húsnæðisverð.

Vandinn á rót í stefnu sem lýst er sem mistökum

Óbreytt stefna opinna landamæra hefur reynst ósjálfbær á marga vegu. Hún hefur leitt af sér hættu-ástand á landamærum að dómi ríkislögreglustjóra. Flutt er inn eins og eitt bæjarfélag á ári hverju. Vestmannaeyjar í dag. Garðabær á morgun. Húsnæðisvandinn birtir nýja hlið á þessari stefnu sem nágrannabjóðir hafa horfið frá og lýsa sem mistökum. Stefnan er með réttu kennd við öfgar enda borin fram af fámennum hópi aðgerðasinna. Á hinum pólitíska vettvangi hafa Píratar og fylgitungl úr Samfylkingu og Viðreisn dregið vagninn. Ábyrg stjórnvöld geta ekki staðið áfram fyrir stefnu mistakanna sem fær okkur til að líta út eins og afdalamenn í augum nágrannabjóða hafandi séð ógöngurnar sem stefnan kallaði yfir þær. Og okkur. ■

Spara og spara, oj bara



Hafdis Hrönn
Hafsteinsdóttir
þingmaður
Framsóknar

Seðlabankastjóri tilkynnti að finna þyrfti leiðir sem hafa það að markmiði að aðstoða landsmenn við að auka sparnað sinn. Hefur hann því lagt til að afnumdar verði reglur um verðtryggingu inn- og útlána. Þetta þýðir að heimilt verður að verðtryggja innlán án tímatakmarkana frá og með fyrsta júní næstkomandi. Fram hefur komið að raunávöxtun á innlánsreikningum í fyrra var neikvæð í nánast öllum tilfellum. Fé á verðtryggðum reikningum hélt í við verðbólgu en þegar búið er að taka tillit til fjármagnstekjuskatts er raunávöxtun þeirra líka neikvæð.

Þessar reglur eru barn síns tíma og í raun er það ekki eðlilegt að Seðlabankinn hlutist til um hvernig innlán séu í boði á Íslandi. Afnáam reglnanna er því jákvætt og tíma- bær aðgerð. Með breytingu á reglum um verðtryggingu er verið að búa til hvata til aukins sparnaðar og fjölga möguleikum á sparnaði. Markmiðið er því eftir sem áður að auka sparnað og draga úr þenslu í efnahagskerfinu okkar.

Innflutningur og viðskiptahalli

Það er halli á vöruviðskiptum, sem skýrist af öflugri innlendri eftirspurn. Það hefur m.a. keyrt áfram verðbólguna hér á landi og ljóst er að framhald verði á þeirri þróun. Verðbólgan byrjaði að aukast af miklum krafti fyrir rúmu ári síðan og er nú yfir 10%. Við flytjum inn



meira en við flytjum út og mikil eftirspurn er eftir bæði vörum og vinnuafli, sem kyndir undir verðbólguna og hefur myndað mikla spennu á vinnumarkaði undanfarna mánuði.

Verðbólga er merki um mikla innlenda eftirspurn og verðhækk-

anir á innfluttum vörum koma bersýnilega fram í viðskiptahalla. Of mikil innlend eftirspurn myndar innflutningsverðbólgu hér á landi, sem hefur áhrif á verðlag, vísitölu og þar með verðbólguna. Ljóst er að núverandi verðbólga er að mestu leyti innflutt.



Ríkisstjórnin þarf
að stíga föst skref og
byggja þá brú sem til
þarf svo eins konar
þjóðarsátt náist.

Sameina krafta gegn verðbólgu

Í kringum árið 1990 var gerð þjóðarsátt sem tók til allra aðila vinnu- markaðarins og hafði hún það að leiðarljósi að allir settu sér raunhæf markmið um kaupmátt, eyðslu og skynsemi samfélagsins. Ríkisstjórnin þarf að stíga föst skref og byggja þá brú sem til þarf svo eins konar þjóðarsátt náist. Við þurfum að taka saman höndum, spara meira og eyða minna, en þó á þann hátt að tannhjóll samfélagsins stöðvist ekki á meðan. Til þess þurfa almenn- ingur, vinnumarkaðurinn, ríkið og sveitarfélögin að ganga öll saman í takt, svo árangur náist í þessari baráttu. ■

Í djúpum dal rúnir sjálfstrausti og grimmnd



Aron
Guðmundsson
aron
@frettabladid.is

Frammistaða íslenska landsliðsins í handbolta í tapi gegn Tékkum í undankeppni EM er einhver sú allra lélegasta í manna minnum og möguleiki á að umræðan í kringum liðið á ólgutímum sé að ná til leikmannanna.

HANDBOLTI Einar Örn Jónsson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður í handbolta og núverandi íþróttafréttamaður hjá RÚV, hefur lengi vel fylgst með íslenska landsliðinu. Einar lýsti leik Tékklands og Íslands á dögum, leik sem lauk með fimm marka sigri Tékkna, 22–17. Leik þar sem frammistaða íslenska landsliðsins vakti reiði og furðu margra.

„Fyrsta viðbragð hjá mér var eiginlega bara það að ég snöggreiddist, á meðan ég var að lýsa leiknum. Reiddist yfir því hversu ráðalaust og slakt íslenska landsliðið var í raun og veru. Eftir því sem þetta ráðaleysi hélt áfram hjá liðinu því lengra sem leið á leikinn, var maður í raun bara sleginn yfir því hvað liðið virtist ekkert geta rífið sig upp úr dalnum sem það var í.

Maður getur orðið full yfir því að nokkrar sóknir fari forgörðum, að það liði nokkrar mínútur milli marka, en að spila hræðilegan fyrri hálfleik og taka síðan heilt korter í þeim seinni í að skora eitt mark með tilliti til slæms fyrri hálfleiks. Það var þá sem ég varð bara fyrir sjokki. Ég bjóst aldrei við því að sjá þetta frá íslensku landsliði og þá kannski sist frá þessu tiltekna íslenska landsliði.“

Þessi frammistaða hjá liðinu, er hægt að líkja henni við einhverja frammistöðu á árum áður hjá íslenska landsliðinu? Hefurðu séð svona frammistöðu hjá íslensku landsliði áður?

„Nei, ekki í fljótu bragði. Mögulega man einhver betur en ég og ég myndi kvitta upp á það síðar meir. En með tilliti til andstæðingsins sem við vorum að mæta, þess sem var í húfi með því að mæta almennilega í leikinn og gæðanna sem búa í þessu liði, þá verð ég að segja að þetta var það lélegasta sem ég hef nokkurn tímann séð.“

”

Við erum ekki með lið, því lið verja sig gegn svona áföllum.

Rúnir sjálfstrausti

Það er nefnilega töluvert mikið í húfi. Íslenska landsliðið er svo gott sem búið að tryggja sig á EM í Þýskalandi á næsta ári en á hættu á að missa af toppsæti síns riðils. Það sæti veitir sæti í efsta styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla á lokamótinu. Með því að vera í efsta styrkleikaflokki er komist hjá möguleikanum á því að geta mætt mörgum af bestu handboltspjóðum Evrópu í riðlakeppninni.

Íslenska landsliðið getur, með góðum úrslitum á EM á næsta ári, opnað leið fyrir sig inn á Ólympíuleikana í París það sama ár. Því skiptir það gríðarlega miklu máli að ná góðum úrslitum á EM.

Það var í raun frammistaða strákanna okkar gegn Tékkum á dögum sem stingur Einar Örn hvað mest.

„Hvað leikmenn liðsins voru ráðalausir, hvað sjálfstraustið var ekkert og náði samt að minnka meðan á leiknum stóð og hvernig þetta fór illa þó að við höfum á endanum bara tapað með fimm mörkum. Þetta liggur allt saman alfarið hjá íslenska liðinu, því andstæðingurinn var ekki góður. Miðað við hversu mikið var í húfi er bara mjög erfitt að finna útskýringu á því af hverju liðið er svona rúið sjálfstrausti, rúið einhverjum anda af því að maður sá akkúrat mjög lítið af leikmönnum bregðast við, reyna að verja sig. Það fauk ekki í einn einasta leikmann liðsins, maður sá ekki grimmnd í augum þeirra í seinni hálfleik þegar allt var að fara á versta veg. Það sviður eiginlega mest. Það var ekki fyrr en menn voru endanlega komnir á botninn sem þeir svöruðu aðeins fyrir sig, það var bara af því að Tékkarnir eru ekki betri en þeir eru.“

Þetta er ekki lið

Liðið, sem hópur, virðist vera á mjög erfíðum stað.

„Það eru til alls konar klisjur um veikasta hlekk keðjunnar og svo framvegis en það hefur margsýnt sig í íþróttaheiminum að framúrskarandi einstaklingar verða ekki að framúrskarandi liði bara af

sjálfu sér. Það þarf að búa til lið, finna réttu blönduna og græja allt það sem þarf að græja svo lið smelli saman. Maður hélt að allt það væri til staðar hjá þessu íslenska landsliði af því að við höfum séð það áður. En svo horfir maður á þennan leik gegn Tékkunum og verður, í framhaldi af honum, að segja að þetta er ekki lið. Við erum ekki með lið, því lið verja sig gegn svona áföllum. Lið geta alveg tapað leikjum en þau verja sig gegn svona. Lið stendur saman, berst áfram í gegnum hlutina, það þekkja allir sín hlutverk og enginn er brotin skel inni á vellinum.

Maður sá brot af því á HM, að við værum ekki lið, en svo sá maður það að fullu á móti Tékkunum þegar við fórum á háværan útivöll gegn algjöru miðlungslíði og steinliggjum. Það er enginn sem að ber hönd fyrir höfuð sér til að verja liðið gegn þessu áhlaupi og áfalli.“

Lengi í kastljósinu

Íslenska landsliðið hefur nú í lengri tíma, eftir vonbrigðin á HM í janúar, verið í kastljósinu. Meðal annars vegna starfsloka Guðmundar Guðmundssonar landsliðsþjálfara og sögusagna um leka úr landsliðshópnum. Eru leikmenn landsliðsins að bugast undan þessari umræðu?

„Mögulega er þetta að ná til þeirra að einhverju leyti en ég efast um að þeir séu að bugast undan þessu. Þetta eru sjóaðir atvinnumenn, menn sem eru búnir að vinna stóra titla með sínum félagsliðum. Líf atvinnumannsins er enginn dans á rósum, það er enginn að klappa þér á bakið og segja þér hvað þú ert æðislegur, þannig að ég hugsaði að menn séu ágætlega vel brynjaðir fyrir neikvæðri umfjöllun.

En svo er spurning um orsök og afleiðingu. Sér fólk eitthvað í liðinu sem fyllir það neikvæðni eða er neikvæðnin að fylla liðið öðryggi? Það er vonlaust að setja fingur á hvað það er af því jákvæðnin í kringum liðið eftir EM í fyrra var alveg svakaleg. Það er rosalega mikið af jákvæðum straumum í kringum þetta lið, en eins og Arsené Wenger, fyrrverandi knattspyrnustjóri Arsenal, sagði einu sinni um sjálfstraust:

”

Ég bjóst aldrei við því að sjá þetta frá íslensku landsliði og þá kannski sist frá þessu tiltekna íslenska landsliði.



Einar Örn Jónsson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður í handbolta

„Þú öðlast það með því að labba upp stiga, en það kemur niður með lyftunni.“

Mögulega hefur öll þessi umræða áhrif á liðið en gott lið brynjar sig fyrir svoleiðis. Gott lið kemst í gegnum svoleiðis. Ef öll jákvæð eða neikvæð umræða, áhugi og athygli hefði alltaf neikvæðar afleiðingar, þá hefðum við aldrei afrekað neitt. Því við höfum öll sjúklega mikinn áhuga á þessu liði, alltaf allir til í að stökkva á vagninn, en ef það hefði alltaf neikvæð áhrif á liðið með pressu og bugun, þá hefðum við aldrei farið í þessa undanúrslita- og verðlaunaleiki sem liðið hefur farið í. Góð lið standa bara svoleiðis af sér og fá eitthvað jákvætt úr því en það virðist verða neikvætt fyrir þennan tiltekna hóp landsliðsmanna.“ ■



Þurfa að brúa bilið eftir afhroð í fyrri leiknum

aron@frettabladid.is

HANDBOLTI Íslenska landsliðið á mögulega á hættu að missa af toppsæti síns riðils í undankeppni EM eftir skell gegn Tékklandi á útivelli. Efsta sæti riðilsins er mikilvægt upp á dráttinn fyrir lokakeppnina. Íslenska karlalandsliðið í handbolta hefur verið mikið í umræðunni síðan liðið féll úr leik í milli-riðlum HM í janúar. Svárið við döprum árangri landsliðsins var að semja um starfslok við þáverandi landsliðspjálfa, Guðmund Guðmundsson, en hrakfarir landsliðsins héldu áfram á miðvikudag er liðið lá í valnum gegn Tékkum í undankeppni EM. Tékkarnir unnu leikinn með fimm marka mun, sóknarleikur

íslenska landsliðsins komst aldrei á flug og muna menn vart eftir slakari frammistöðu landsliðsins. Liðin mætast öðru sinni á sunnudaginn og þá í Laugardalshöll. Möguleikar Íslands á efsta sæti riðilsins eru enn til staðar. Strákarnir okkar sitja sem stendur í 2. sæti riðilsins með fjögur stig eftir þrjá leiki, tveimur stigum á eftir Tékklandi sem er enn með fullt hús stiga, með tveimur stigum meira. Til þess að strákarnir okkar nái að hrífa til sín efsta sæti riðilsins á nýjan leik verður liðið að vinna með sama mun og Tékkarnir unnu þá með, eða meiri. Með öðrum orðum vinna með fimm eða fleiri marka mun. Þegar talið verður upp úr pokanum og allir leikir riðilsins afstaðnir



Aron Pálmarsson er fyrirliði íslenska landsliðsins

MYND/HSÍ

verður fyrst litið til fjölda stiga þegar horft er á stöðuna. Fari svo að liðin í efstu tveimur sætunum séu jöfn að stigum verður horft til stigafjölda þeirra í innbyrðis viðureignum. Séu liðin með jafnmörg stig í innbyrðis viðureignum sínum verður horft til markahlutfalls þeirra liða í innbyrðis leikjum þeirra. Sé enn og aftur allt jafnt á þeim tölum verður horft til fjölda skoraðra marka þeirra í innbyrðis leikjunum og að lokum markahlutfalls liðanna í riðlakeppninni í heild sinni ef þurfa þykir. Efsta sæti riðilsins skiptir máli þegar dregið verður í riðla fyrir EM sem fram fer í Þýskalandi á næsta ári þar sem litið verður til fyrri úrslita þegar skipt verður í styrkleika-flokka. ■

Enn eitt titlalaust ár og breytinga er þörf í hvíta hluta Norður-Lundúna

Það hefur fát gengið upp hjá enska úrvalsdeildarliðinu Tottenham undanfarið. Ljóst er að liðið vinnur engan titil á þessu tímabili og eru stuðningsmenn margir hverjir orðnir pirraðir á stöðunni. Hjálmar Örn Jóhannsson er einn þekktasti stuðningsmaður Tottenham á Íslandi og telur hann breytinga þörf.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Það varð ljóst á miðvikudag að Tottenham myndi ekki vinna titil á þessari leiktíð, fimm-tánda árið í röð. Þá féll liðið úr leik í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu eftir leik gegn AC Milan. Ítalirnir unnu fyrri leikinn 1-0 og nægði því markalaust jafntefli í Lundúnum á miðvikudag liðinu til að komast í 8-liða úrslit. „Þetta var allt andlaust. Það skipti engu máli hvar það var. Stuðningsmenn og leikmenn, ég hef aldrei séð svona litla stemningu yfir neinu. Þetta var allt ömurlengt í alla staði og til skammar,“ segir Hjálmar Örn Jóhannsson, einn harðasti Tottenham-stuðningsmaður landsins, um frammistöðu sinna manna gegn Milan.

Komið gott hjá Conte
Antonio Conte er við stjórnvölinn hjá Tottenham. Liðið situr í fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar en er dottið úr öllum öðrum keppnum. Undir stjórn Conte þykir það spila leiðinlegan fótbolta, þrátt fyrir gæðaleikmenn í mörgum stöðum. „Eins mikið og maður var bjartsýnn fyrst þegar Conte tók við, þetta væri maður sem gæti snúið við leikjum sem við værum vanir að tapa, hefur þetta bara koðnað niður í einhverja vitleysu. Ég veit ekki lengur hvað er að,“ segir Hjálmar. Í síðustu viku féll Tottenham úr leik í enska bikarnum með tapi gegn B-deildarliðinu Sheffield United. „Ég var reidari yfir tapinu gegn Sheffield United heldur en eftir leikinn við Milan. Þá sauð á mér. Þú átt bara að mæta með sterkasta liðið þitt og ef menn eru svona þreyttir er hægt að taka þá út af í hálfleik.“ Conte tók við sem stjóri Tottenham haustið 2021 en samningur hans rennur út í sumar. „Ég er einn af þeim sem verja þessa þjálfara fram í rauðan dauðann. Þeir eru oft að fá leikmenn sem þeir vilja ekki endilega.



Það er ansi ólíklegt að Antonio Conte verði knattspyrnustjóri Tottenham mikið lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kannski þurfa stuðningsmenn Tottenham að fara að átta sig á því að við erum bara með lið sem er að berjast um fjórða til sjötta sæti.



Hjálmar Örn Jóhannsson, skemmtikraftur og samfélagsmiðlastjarna

Ég vona alltaf að menn séu faglegir í því sem þeir gera og vilji klára tímabilið með reisu. En því miður held ég að það eina rétti í stöðunni sé að láta hann fjúka strax og ná í nýjan.“

Vill meiri léttleika
Hjálmar telur að Tottenham þurfi að hverfa aftur til þess tíma þegar liðið lék skemmtilegan fótbolta, þó svo að það skili ekki endilega titlum í massavís.

„Þannig var þetta á níunda og tíunda áratugnum. Samt voru bikarúrslit og alls konar.“ Hann nefnir að hann væri til í að ráða Michael Carrick sem næsta knattspyrnustjóra, en hann hefur vakið athygli með Middlesbrough á tímabilinu. „Kannski þurfa stuðningsmenn Tottenham að fara að átta sig á því að við erum bara með lið sem er að berjast um fjórða til sjötta sæti. Að við séum ekki að fara að berjast um neina titla. Michael Carrick spilar fallegan bolta og ég held að hann sé algjörlega málið.“

Myndi skilja Kane vel
Það er ekki til að hugga stuðningsmenn Tottenham að nágrannarnir og erkifjendurnir, Arsenal, eru að gera stórkostlega hluti. Liðið er á toppi ensku úrvalsdeildarinnar með fimm stiga forskot. „Það sýnir mér að það er ljós við enda ganganna. Ef Arsenal, sem klúðraði þessu algjörlega í fyrra, getur snúið þessu svona við á einu tímabili sýnir það mér að það er allt hægt. Ég verð líka að hrósa stjórninni hjá Arsenal fyrir að hafa stutt við bakið á Mikel Arteta. Eitthvað sáu þeir.“ Stjórn Tottenham, með Daniel Levy í fararbroddi, segir Hjálmar að



Tottenham hefur ekki unnið titil frá því liðið varð deildabikarmeistari árið 2008.

hugsi meira um að búa til peninga. „Honum er skítsama um einhver úrslit, þannig séð. Hann vill auðvitað að liðið sé í Meistaradeildinni en gerir samt alltaf allt á eins ódýran hátt og hægt er. Það er ekki alltaf hægt að skeina sér með eldhúsburrku. Stundum þarftu bara að fara og kaupa lamba-klósettpappír.“ Harry Kane, stjarna Tottenham og dádasti leikmaður liðsins, verður samningslaus eftir næstu leiktíð. Hann hefur verið orðaður við brottför. „Ég myndi ekki vera neitt full út í hann. Ég held að allir stuðningsmenn Tottenham myndu skilja hann 100%. Það gæti líka bara orðið gott fyrir klúbbinn, alla aðila. Stundum er það svoleiðis,“ segir skemmtikrafturinn og samfélagsmiðlastjarnan Hjálmar Örn Jóhannsson. ■

Nudd Nudd Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar.

Sími 694 7881, Janna.

Óska eftir manni með vinnuvélaréttindi

Looking for a man with a machine exam

Óska einnig eftir smíð í vinnu eða manni sem hefur unnið við smíðar.

Upplýsingar í síma 893 5374 nybyggd@gmail.com

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is 907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

MERKISATBURÐIR

241 f.Kr. Rómverjar binda enda á fyrsta púnverska stríðið með því að sökkva flota Karþagómanna.

1118 Gelasius 2. verður páfi.

1629 Karl 1. Englandskonungur leysir breska þingið upp og hefur ellefu ára harðstjórnina þar sem ekkert þing situr.

1649 Karl 10. Gústaf er útnefndur eftirmaður Kristínar Sviadrottningar.

1804 Bandaríkin kaupa Louisiana af Frökkum.

1941 Togarinn Reykjaborg skotinn í kaf af þýskum kaubáti norður af Skotlandi. Tveir bjargast en þrettán farast.

1944 Flugfélagið Loftleiðir stofnað.

1967 Stórbruni verður á horni Vonarstrætis og Lækjargötu í Reykjavík og brenna þrjú hús til grunna.

1988 Sálín hans Jóns mins heldur sína fyrstu tónleika í Bíókjallaranum við Lækjargötu.

1991 Davíð Oddsson er kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins.

2009 Eva Joly verður sérlegur ráðgjafi ríkisstjórnar Íslands.

ÞETTA GERÐIST 10 MARS 1934



Dregið í fyrsta skipti í Happprætti Háskólans

Fyrsti dráttur í Happprætti Háskólans fór fram laugardaginn 10. mars 1934. Athöfnin fór fram í þéttskipuðum sal í lðnó þar sem fólk var komið til að freista gæfunnar.

Alexander Jóhannesson, rektor Háskóla Íslands og stjórnarformaður happprættisins, ávarpaði gesti þar sem hann sagði frá því að happprættið hefði orðið til vegna góðs málefnis. Því örari sem sala happprættismiða væri, því fyrr myndi ný háskólabygging rísa.

Aðalbygging háskólans var tekin í notkun árið 1940. Síðan þá hafa yfir 20 háskólabyggingar verið fjármagnaðar með happprættisfé.

Tvö börn sáu um að draga saman vinningsnúmer og vinningsupphæð. Miðarnir voru teknir úr tromlum sem var snúið og nam hæsti vinningurinn tíu þúsund krónum. Til samamburðar verða tíu milljónir króna dregnar út í happprættinu á einn miða nú í mars. ■



Ástkær faðir okkar og afi,
Frantz Adolph Pétursson

sem lést á líknardeild Landspítalans þann 7. mars, verður jarðsúnginn frá Áskirkju, þriðjudaginn 14. mars kl. 13.00.

Aðalheiður Frantzdóttir
Pétur Ingi Frantzson
Jón Þórir Frantzson
börn, barnabörn og barnabarnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Rúnar hefur starfað sem atvinnuljósmyndari síðan 1962 en hefur minnkað við sig í brílljantíni síðan þá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Orðinn viðfang þjóðfræðinga

Ljósmyndasýning á verkum Rúnars Gunnarssonar verður opnuð í Þjóðminjasafni Íslands á morgun. Ástríða Rúnars fyrir ljósmyndun er slík að hann segir hana vera næsta bæ við bænahald.

arnartomas@frettabladid.is

Ekki augnablikið heldur eilífðin, er yfirheiti sýningar á ljósmyndum Rúnars Gunnarssonar sem verður opnuð í Þjóðminjasafni Íslands á morgun. Nafn sýningarinnar er dregið úr viðtali sem Sigurlaug Dagsdóttir þjóðháttafræðingur tók við Rúnar og ítrekar hann að hann eigi engan heiður af því.

„Ég er orðinn svo gamall að ég er orðinn viðfangsefni þjóðfræðinga,“ segir Rúnar kíminn. „Ég hefði nú ekki trúað því þegar ég var röltandi um bæinn, brílljantíngreiddur að taka myndir fyrir Alþýðublaðið. En svona er þetta!“

Rúnar er fæddur árið 1944 og hefur stundað atvinnuljósmyndun frá árinu 1962 þegar hann hóf störf fyrir Alþýðublaðið. Þótt hann hafi líka verið mikið á sjónvarpinu og í kvikmyndagerð segir hann að hjarta hans hafi alltaf slegið í ljósmyndun enda geymir filmusafn hans yfir 100 þúsund myndir auk þess sem hann á tugþúsundir mynda á staf-rænu formi.

Úr vöndu að velja

Bryndís Erla Hjálmarsdóttir sýningarstjóri átti úr vöndu að ráða þegar kom að því að setja sýninguna upp.

„Þetta voru yfir þrjátíu þúsund myndir sem ég byrjaði að fara yfir en ég byrjaði að reyna að flokka þetta aðeins niður í fimmtán til tuttugu þemu,“ segir Bryndís sem endaði að lokum með um tíu flokka. „Rúnar nær einhverju viðkvæmu sambandi við myndefni sitt, einhverri tengingu sem mér fannst alveg einstök og hafði kannski ekki séð hjá mörgum.“ Sem dæmi er einn flokkurinn „Börn á förnum vegi“ þar sem má finna börn sem Rúnar hefur hitt úti á götu.

„Hann nær einhverjum krafti og þessu ráfi á börnum sem var til staðar fyrir fjörutíu árum síðan en maður sér ekki lengur,“ útskýrir Bryndís. „Ég valdi myndefnið algjörlega út frá tilfinningu og nálgaðist efnið þannig. Þetta er svo nostalgískt og ég leyfði hjartanu að ráða í valinu.“

Helstu einkenni Rúnars sem ljósmyndara eru að mati Bryndísar hvað honum tekst að fanga tilfinningar.

„Hvort sem það er hópur eða einstaklingur þá nær hann alltaf einhverri tilfinningu við það sem hann er að mynda.“

Aldur engin fyrirstaða

Spurður hvert sé hans uppáhaldsviðfangsefni segist Rúnar hafa mestan



Úr síðasta síðutogaranum.

MYND/RÚNAR GUNNARSSON



Frá Saltvík, úti-hátið.

MYND/RÚNAR GUNNARSSON



Eina ljósmyndin sem er rétt er sú sem litur út eins og þú vilt hafa hana.

stöðvað tilveruna aðeins og hægt á þessu brjálæði sem er í kringum mann – að taka myndir er eins og trúarleg athöfn fyrir mér. Ég meditera inn á þetta og þetta er bara næsti bær við bænahald.“

Fjötrar fegurðarinnar

Rúnar hefur góð ráð að gefa upprennandi ljósmyndurum.

„Því fyrr sem menn losna úr fjötrum fegurðarinnar, því betra,“ útskýrir hann. Það er ekkert sem skemmir myndlist jafnmikið og einhverjar ranghugmyndir um að myndir eigi að vera fallegar. Fallegar myndir eru bara eins og einhver sykurleðja með sirópi út á.“

Galdurinn, að mati Rúnars, er að taka myndirnar eins og þú vilt taka þær.

„Það er ekkert sem heitir rétt eða röng ljósmynd, eina ljósmyndin sem er rétt er sú sem litur út eins og þú vilt hafa hana.“

Viðtalinu við Rúnar lýkur þegar óvænt heyrir sírenuvæl í fjarska.

„Þá eru þeir komnir að sækja mig með spennitreyjuna, maður!“

Sýningin verður opnuð í myndasal Þjóðminjasafns á morgun klukkan 14. ■

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



SJÓNVARPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó
- 20.00 Veðið með Gunnari Bender Gunnar Bender leiðir áhorfendur að ár-bakkanum og sýnir þeim allt sem við kemur veði.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Útsvar 2017-2018
- 15.10 Enn ein stöðin
- 15.35 Stúdíó A
- 16.05 Kæra dagbók
- 16.35 Dýrin mín stór og smá
- 17.35 Vísindahorn Ævars Þáttar-brot með Ævari vísinda-manni fyrir krakka á öllum aldri.
- 17.55 Landvarðalíf
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Ósagða sagan
- 18.30 Hjá dýralækninum
- 18.35 Húllumhæ í þáttunum Húll-umhæ er menning og fjór í forgrunni. Þáttastjórnendur eru Anja Sæberg og Bjarni Kristbjörnsson.
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós
- 20.00 Gettu betur Bein útsending frá spurningakeppni fram-haldsskólanna. Spurninga-höfundar og dómara eru Laufey Haraldsdóttir, Jóhann Alfreð Kristinsson og Helga Margrét Höskulds-dóttir. Spyrill er Kristjana Arnarsdóttir.
- 21.20 Vikan með Gísla Marteini
- 22.15 Vera - Endurheimt Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknar-lögreglukonu á Norðymbra-landi. Vera er kölluð til þegar stuðningsfulltrúi finnst myrtur í drungalegu skóg-lendi. Var dauðdagi hans tilviljun ein eða skipulagður verknaður?
- 23.45 Shakespeare og Hathaway Breskir gamanþættir um einkaspæjarana Luellu Shakespeare og Frank Hat-haway sem leysa sakamál í bænum Stratford-upon-Avon.
- 00.30 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

- 12.00 Dr. Phil
- 12.46 The Late Late Show with James Corden
- 13.26 The Block
- 14.17 Love Island
- 15.13 This Is Us
- 17.10 Players (2022)
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show with James Corden
- 19.10 Kenan
- 19.40 Black-ish
- 20.10 The Bachelor
- 21.40 Love Island
- 22.25 Love Island
- 23.10 Indiana Jones and the Raiders of the Lost Ark Ævintýramynd frá 1981. Sagan gerist árið 1936 og segir frá háskólaprófessor í fornleifafræði sem kallast Indiana Jones og heldur upp í ferðalag í leit að grip frá Biblútímum.
- 01.05 Catch Me If You Can
- 03.20 Love Island
- 08.00 Heimsókn
- 08.15 Grand Designs. Australia
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Inside the Zoo
- 10.25 Curb Your Enthusiasm
- 11.00 10 Years Younger in 10 Days
- 11.45 DNA Family Secrets
- 12.45 Tala saman
- 13.10 Franklin & Bash
- 13.50 Rax Augnablik
- 14.00 Í eldhúsi Evu
- 14.25 Britain's Got Talent
- 15.25 Saved by the Bell
- 15.55 Schitt's Creek
- 16.20 Stóra sviðið Frábær fjöl-skylduþáttur þar sem skemmtun og afþreying eru í aðalhlutverki. Stein-unn Ólína leggur fyrir þá Auðunn Blöndal og Steinda Jr., fyndnar og fjölbreyttar áskoranir.
- 17.20 Franklin & Bash
- 18.05 Bold and the Beautiful
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkin
- 19.00 America's Got Talent. All Stars
- 20.20 Our Friend Falleg og hjartnæm, sönn saga, um magnaða vináttu. Eftir að Ni-cole greinist með ólæknandi krabbamein, fá hún, Matt og tvær ungar dætur þeirra, óvæntan stuðning frá besta vini þeirra, Dane.
- 22.25 All the Devil's Men
- 00.05 Separation
- 01.50 Grand Designs. Australia
- 02.35 Curb Your Enthusiasm
- 03.10 DNA Family Secrets

Gaupi, Strákarnir okkar og Atli Barkar frá Danmörku

Það verður líf og fjör í Íþróttavikunni með Benna Bó á Hringbraut í kvöld þegar Guðjón Guðmundsson, Gaupi, kemur í settið. Landsliðið í handbolta verður fyrirferðamikið og Gaupi liggur ekki á skoðunum sínum. Þá verður farið yfir fótboltasviðið en það er stutt í landsleikina gegn Bosníu og Liechtenstein. Þá verður Atli Barkarson, leikmaður SønderjyskE í dönsku B-deildinni, á línunni. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 átök
5 missir
6 átt
8 málaleitun
10 tveir eins
11 umyrði
12 betur
13 eind
15 sköpun
17 plata

LÓÐRÉTT
1 laumast
2 maður
3 gargi
4 samtíða
7 orðastaður
9 einhver
12 höndlun
14 málmur
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 skæra, 5 tap, 6 nv, 8 erindi, 10 ll, 11 orð, 12 skar, 13 stak, 15 tilurð, 17 narra.
LÓÐRÉTT: 1 stelas, 2 karl, 3 apil, 4 andrá, 7 við-ræða, 9 nokkur, 12 sala, 14 tin, 16 rr.


SUDOKU

3	1			9	8			
							4	8
	2		3	5		6		
8			5		3		1	
	7				9	2	3	
		9	6	1				
			2		1		8	
	6						2	3
			7		5			

5	8							
	6	1	3			7	2	
		2	8			3		
	1	6						7
9	7				3	2	4	
					5	9		1
6	2		9			4	5	
					8			
				3	4			9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lá-rétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvi-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ØVERLI

Í VIKULOKIN

Molnar úr leyndarmúrnum



Ólafur Arnarson
olafur@frettabladid.is

Alþingi er æðsta stofnun þjóðarinnar. Alþingi heyrir ekki undir neinn nema þjóðina sjálfa. Framkvæmda-valdið situr í umboði Alþingis. Ríkis-endurskoðun heyrir undir Alþingi, og kys Alþingi ríkisendurskoðanda. Þeir sem fylgst hafa með umræðu um greinargerð Sigurðar Þórðar-sonar, fyrrverandi setts ríkisendur-skoðanda í málefnum Lindar-hvols, undanfarna daga og vikur, gætu hæglega dregið þá ályktun að Alþingi sé annars flokks stofnun sem sitji í skjóli framkvæmdavaldsins. Ókunnugum fyrirgefist að trúa því að Alþingi heyri undir Ríkisendur-skoðun en ekki öfugt. Ástæðan fyrir þessu er vitanlega sá dæmalausi farsí sem forseti Alþingis stendur fyrir með því að taka við fyrirmælum frá fjármálaráðherra.

Birgir Ármannsson á bágt í þessu máli. Öllum er ljóst að ekki er það að hans frumkvæði sem leyndar-hulunni er sveipað um starfsemi Lindarhvols og „sjoppulegt“ ferli við sölu eigna, en reyndur bankamaður bar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í Lindarhvolsmálinu í janúar að sölu-ferli Klakka hefði verið „sjoppulegt“. Engum dylst að Birgir fær fyrir-mæli frá formanni flokks síns, fjár-málaráðherranum. Birgir hefur í gegnum allan sinn þingferil sýnt að hann er flokkshollur maður. Ekkert er út á það að setja í sjálfu sér. Nú gegnir Birgir hins vegar mestri virðingarstöðu æðstu stofnunar þjóðarinnar. Nú eru skyldur hans við þingið og þjóðina en ekki við flokkinn sem hann hefur þjónað svo dyggilega svo lengi.

Raunar virðist þöggunin í þágu fjármálaráðherra vera komin að fótum fram. Allir nefndarmenn for-sætisnefndar Alþingis, nema Birgir Ármannsson, greiddu því atkvæði í vikunni að birta greinargerð Sig-urðar Þórðarsonar. Við atkvæðagreiðslu um hvort heimila ætti þingmanni að spyrja forseta þingsins út í greinargerð Sigurðar, kom vel fram að þingmeiri-hluti er fyrir því að birta greinar-gerðina, enda hefur hún í raun verið opinbert plagg frá því í ágúst 2018, þegar Sigurður sendi Alþingi hana. Í vikunni úrskurðaði úrskurðar-nefnd um upplýsingamál að fjár-málaráðuneytinu/Lindarhvoli bæri að afhenda forsvarsmönnum Frigus-ar II, sem staðið hafa í málaferlum við ríkið og Lindarhvol vegna hins



Nú eru skyldur hans við þingið og þjóðina en ekki við flokkinn sem hann hefur þjónað svo dyggilega svo lengi.

„sjoppulega“ söluferlis Klakka, lög-fræðialit og minnisblöð frá Magna lögmönnum, sem lagt var til grund-vallar þegar forsætisnefnd Alþingis, að tillögu Birgis Ármannssonar!, samþykkti einróma að afhenda blaðamanni Viðskiptablaðsins umrædda greinargerð í apríl í fyrra. Lögræðialítið er itarlegt, heilar 37 blaðsíður. Það var afhent í gærkvöldi og eftir lestur þess blasir við að mál-flutningur Birgis Ármannssonar, og annarra sem hafa staðið vörð um Leyndarhvol, eins og Lindarhvoll er stundum nefndur af gefnu tilefni, gengur markvisst í bága við lög og reglur. Er það lágt lagst hjá þeim sem eiga að standa vörð um virðingu Alþingis Íslendinga og hafa eftirlit með framkvæmdavaldinu en ekki lúta því. ■

Krumpuð karlmennska og knattspyrna

LEIKHÚS

Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar
Tjarnarbiói í samstarfi við Alltaf í boltanum
Leikstjóri: Viktoría Blöndal
Leikarar: Albert Halldórsson, Ólafur Ásgeirsson, Starkaður Pétursson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Valdimar Guðmundsson
Tónlist: Valdimar Guðmundsson
Handrit: Sveinn Ólafur Gunnarsson og Ólafur Ásgeirsson
Hugmynd: Albert Halldórsson, Ólafur Ásgeirsson og Viktoría Blöndal
Sviðsmynd og búningar: Sólbjört Vera Ómarsdóttir
Lýsing: Ása Jónína Arnardóttir og Juliette Louste
Myndbönd: Ásta Jónína Arnardóttir
Dramatúrg: Lóa Björk Björnsdóttir
Sviðshreyfingar: Erna Guðrún Fritzdóttir
Starfsnemi: Ragnhildur Birta
Leikarar á upptöku: Birgitta Birgisdóttir og Kjartan Darri Kristjánsson

Sigríður Jónsdóttir

Hjá stórum hópi Íslendinga er fót-bolti ekki áhugamál, ekki íþrótt, heldur lífsstíll. Þegar ekki er verið að horfa á fótbolta eru leikir, leikmenn og þjálfarar ræddir, gamlir leikir rifjaðir upp og argast út í andstæðingana. Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar er kómísk og einlæg tilraun til að skoða einn afkima þessarar menningar en leik-sýningin var frumsýnd í Tjarnarbiói fyrir stuttu.

Doddi og litli bróðir hans Óli Gunnar horfa saman á enska boltann hverja helgi. Doddi er tiltölu-lega nýskilinn og barnsmóðir hans er tekin saman við nýjan mann, Benedikt. Sá kemur óvænt í heim-sókn heim til Dodda einn góðan laugardag með vin sinn Valdimar með í för. Allir eiga þeir sameigin-legt að vera dyggir stuðningsmenn Manchester United, sumir reyndar meira en aðrir. Upphefst eftirmið-degi þar sem fortíðarþrá, framtíðar-draumar og Gull Lite sullast saman.

Óbærilega fyndið orðfæri

Upphaflegu hugmyndina að sýn-ingunni áttu Albert, Ólafur og Viktoría en Sveinn Ólafur og Ólafur eru skrifaðir fyrir lokatextanum. Sýningin gerist nánast í rauntíma, yfir fótboltaleik milli erkiffjendanna Liverpool og Manchester United.



Sveinn Ólafur Gunnarsson og Ólafur Ásgeirsson leika bræðurna og gallhörðu Manchester United-mennina Dodda og Óla Gunnar. MYND/BERGLIND RÖGNVALDSDÓTTIR

”

Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar er gleðileikur um krump-aða karlmennsku og fótbolta, björþamb og að vera misheppnaður, gleði og sorg hvers-dagsleikans.

Samhliða vandræðalegum sam-ræðum í stofunni er fléttað saman lýsingu á leikum sjálfum. Þannig endurspeglar framvinda fótbolta-leiksins atburðina í stofunni. Orð-færið í handritinu er stundum alveg óbærilega fyndið, lyft upp úr sam-

tímanum. Enkuslettur og stemn-ingsorð eru hér ríkjandi, þar sem orðið sjálft skiptir jafn miklu máli og framburðurinn. Hér má nefna bæði „vibe“ og „köngurinn“. Sýning-in er svolítið endaslepp þegar óvænt dauðsfall á sér stað í stúkunni, sem daðrar við deus ex machina.

Lipur kvartett

Kvartettinn Albert, Ólafur, Sveinn Ólafur og Valdimar leikur lipur-lega saman. Hver og einn með sinn sérstaka tón. Doddi spólar áfram í sama farinu, tilfinningarnar eftir skilnaðinn eru enn þá sárar og Sveinn Ólafur skilar togstreitunni fallega. Einfalda sálin Óli Gunnar er átakanlega fyndin, eins og lítill strákur í líkama fullorðins manns. Benedikt berst við að finna fötfestu í sínu eigin lífi og Albert fangar ástandið á mannlegan hátt. Valdi-mar vill bara sitja og horfa á leikinn en dregst óvænt inn í atburðarásina, tímasetningar hans eru smellnar og fínasta mótvægi við triðið. Leyni-

vopnið er síðan Starkaður Péturs-son, lýsandi fótboltaleiksins, sem er í senn tilfinningasamur og smell-inn.

Valdimar sér um tónlistina, bæði sönginn og væntanlega tónlistar-valið. Ekki þarf að segja neinum hvað hann er fær söngvari og lögin vel saumuð inn í sýninguna. Áftur á móti er tónlistarvalið einstaklega vel heppnað; fyrir sýninguna, í sýn-ingunni sjálfri og í hléi. Chumba-wamba í blandi við Oasis og aðra sveitta enska slagara kynslóðar-innar sem er að detta í fertugt.

Gleðileikur um karlmennsku

Listræna teymið er sterkt. Leikstjór-inn Viktoría Blöndal leiðir hópinn og setur fókusinn á sambandið milli þessara ólíku manna. Hún er með gott auga fyrir uppbyggingu á atriðum, setur leikarana í for-grunninn og leyfir þeim að njóta sín. Einfaldleikinn er sömuleiðis í fyrirrúmi í hönnun Sólbjartar Veru Ómarsdóttur. Bekkur, upphækk-

aður pallur fyrir lýsandann og sér-lega ósmekklegt málverk af Alex Ferguson. Gallabuxur, nákvæmar tegundir af Manchester United-skyrtum og inniskór sem hitta beint í mark. Um sviðshreyfingar sér Erna Guðrún Fritzdóttir sem tekst ágæt-lega til en pitsudansinn hefði mátt missa sín.

Óbærilegur léttleiki knattspyrn-unnar er gleðileikur um krumpaða karlmennsku og fótbolta, björþamb og að vera misheppnaður, gleði og sorg hversdagsleikans. Eithvað sem flestir áhorfendur geta tengt við, áhugi á knattspyrnu er svo sannar-lega ekki nauðsynlegur. Alltaf í bolt-anum kemur með ferska og einlæga innsýn í helgileik hversdagsins. Þrátt fyrir fremur einfaldan endi er það ferðalagið sem skiptir máli og leikhópurinn töfrar fram hressandi kvöldstund. ■

NIDURSTADA: Lauflétt fótbolta-flétta sem kemur skemmtilega á óvart.

Verðlaunamynd um ofsóknir gegn hinsegin fólki í Tsjetsjeníu

tsh@frettabladid.is

Bió Paradís í samstarfi við Samtökin '78 og mannréttindahópinn NC SOS stendur fyrir sýningu á heimildar-myndinni Welcome to Chechnya sunnudaginn 12. mars klukkan 16.30. Lucy Shtein, einn meðlima Pussy Riot, er einn skipuleggjenda en hún hefur ásamt kærustu sinni Mariu Alyokhina barist fyrir rétt-indum hinsegin fólks í Rússlandi og víðar.

„Við erum að halda sýningu og spurt og svarað með David Isteev sem er baráttumaður fyrir mann-réttindum og leiðir mannréttinda-hópinn NC SOS Crisis group sem ég starfa einnig fyrir. Við hjálpum LGBTQ-fólki að flýja rússneska norðurhluta Kákasus, sérstaklega Tsjetsjeníu, þar sem það er ofsótt, pyntað og drepð,“ segir Lucy.

Welcome to Chechnya fjallar um sjálfbóðaliða sem leggja líf sitt í



hættu við að aðstoða hinsegin fólki í Tsjetsjeníu undan kerfisbundnum ofsóknum stjórnvalda sem hafa ítrekað beint spjótum sinum að hinsegin fólki undir forystu ein-ræðisherrans Ramzans Kadyrov. Myndin kom út á vegum HBO og vann nokkur stór kvikmyndaverð-laun, þar á meðal á Berlinale- og Sundance-kvikmyndahátíðunum

auk þess sem hún var á stuttlista Óskarsverðlaunanna.

„Myndin fylgir baráttufólki, þar á meðal David Isteev úr samtök-unum okkar, í Tsjetsjeníu og Maxim Lapunov, sem er einnig að koma til Reykjavíkur til að taka þátt í Q&A eftir sýninguna. Hann var hand-tekinn í Tsjetsjeníu fyrir að vera samkynhneigður og var pyntaður

Lucy Shtein er baráttukona og meðlimur and-ófslistahópsins Pussy Riot.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

en náði að lokum að sleppa með hjálp David. Myndin segir sögu hans en Maxim var fyrsti maðurinn til að tala opinber-lega um það sem er að koma fyrir hinsegin fólki í Tsjetsjeníu og þökk sé honum fékk heimurinn að heyrna um mannréttinda-brotin gegn LGBTQ-fólki þar,“ segir Lucy.

Welcome to Chechnya kom út árið 2020 en atburðirnir sem hún lýsir gerðust að mestu leyti 2017. Að sögn Lucy hefur ástandið í Tsjetsjeníu ein-ungis versnað síðan þá og segir hún stjórnvöld hafa hert aðgerðir sínar gegn hinsegin fólki enn frekar.

„Árið 2017 vissum við af þessum aðgerðum; pyndingum, mann-



ránun, bælingarmeð-ferðum. Upphaflega var þetta aðeins að gerast í norðurhluta Kákasus en núna hefur þetta breiðst út um gjörvallt Rússland og við höfum meira að segja fengið upp-lýsingar um slíkar miðstöðvar í grennd við Moskvu,“ segir hún.

Sýningin í Bió Paradís er endur-gjaldslaus og opin öllum en gestir eru þó hvattir til að leggja

málefni samtakanna NC SOS lið. „Við verðum með QR-kóða og fólki getur styrkt okkur ef það vill. Við munum líka selja stuttermaboli og ýmsan varning en allur ágóði fer í vinnu okkar við að bjarga fólki frá þessu svæði,“ segir Lucy. ■



„Það var rosaleg mýri sums staðar þar sem við vorum svo við sukkum djúpt og það er bara alveg helvitis puð að vera með hesta í þessu.“ MYND/ADSEND

Puð og sigurvíma í guðsvoluðu landi

Volaða land er þriðja samstarfsverkefni Hlyns Pálmasonar og Ingvars E. Sigurðssonar sem leikur 19. aldar mann sem er í miklum innri átökum þrátt fyrir, eða ef til vill vegna þess, að hann er hertur í óblíðri náttúru volaðs lands sem engu eirir.

toti@frettabladid.is

Kvikmyndin Volaða land, eftir leikstjóranng og handritshöfundinn Hlyn Pálmason, er loksins komin í kvikmyndahús á Íslandi eftir að hafa farið víða og gert mikla lukku síðan hún var heimsfumsýnd í flokknum Un Certain Regard á kvikmyndahátíðinni í Cannes í fyrra.

„Þeir sem eru komnir á bragðið eru bara æstir í að sjá næstu mynd eftir Hlyn Pálmason þannig að það eru margir búnir að bíða eftir þessari mynd og loksins er hún komin,“ segir Ingvar E. Sigurðsson sem leikur annað aðalhlutverkanna í Volaða landi á móti danska leikaranum Elliott Crosset Hove.

Volaða land, eða Vanskabte land á dönsku, hefur gert stormandi lukku víða um lönd en er nú loks frumsýnd á seigdrepani sögusviðinu, guðsvoluðu Íslandi undir lok 19. aldar.

Myndin sópaði nú síðast til sín Edduverðlaunatilnefningum í flestum lykildflokkum og hefur verið tilnefnd til Norrænu og Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna. Þá hefur hún þegar unnið til verðlauna á hátíðum og Ingvar til dæmis verið valinn besti leikarinn á kvikmynda-hátíðinni Cine de Gáldar á Spáni.

Sérsviðin persónusköpun

„Þetta er þriðja verkefnið sem ég vinn svona með honum,“ segir Ingvar um Hlyn sem leikstýrði honum fyrst 2012 í stuttmyndinni En Maler og síðan í Hvítur, hvítur dagur 2019. „Vinnan byrjar bara í rauninni strax þegar hann er að skrifa handritið,“ heldur Ingvar áfram.

„Hann lætur mann vita hvað hann er að hugsa þannig að í okkar tilfelli er ekki eins og ég sé ráðinn í hlutverkið eftir að handritið er tilbúið,“ segir Ingvar sem leikur leiðsögumanninn Ragnar sem tekur að sér að drösla ungum, dönskum presti yfir Ísland þvert og endilangt í ferðalagi sem reynir verulega á andleg og líkamleg þolrif beggja.

Hlutverk prestsins er einnig skrifað sérstaklega með Elliotti í huga en Hlynur stillti leikurunum fyrst upp sem andstæðingum í En Maler og herðir enn og dýpkar

Volaða land

Undir lok 19. aldar ferðast ungur danskur prestur til Íslands með það að markmiði að reisa kirkju og ljósmynda íbúa eyjunnar á för sinni. Sérvitur leiðsögumaður leiðir prestinn í gegnum harðneskjulegt landið á hestbaki ásamt hópi heimamanna. Eftir því sem liður á ferðalagið missir presturinn smám saman tókin á veruleikanum, ætlunarverkinu og eigin siðgæði.

átökin milli persónanna sem hann skrifaði fyrir þá í Volaða landi.

Átök á vinafundi

„Já, já. Það var mikill núningur í En Maler líka. Átök milli feðga. Föður og sonar sem þekkjast ekki mikið. En við Elliott höfum bara verið vinir síðan við unnum í En Maler. Þótt ég sé miklu eldri en hann þá lít ég bara á hann sem jafningja og féлага,“ segir Ingvar.

„Við vorum báðir búnir að lesa handritið margoft. Hann í Danmörku og ég hérna heima,“ heldur Ingvar áfram og bætir við að Volaða land sé þess eðlis að við lesturinn hafi hann óhjákvæmilega leitt hugann ítrekað að því hvernig ætti eiginlega að vinna úr því.

„Þú veist. Hvernig verður þetta? Þetta er svo brútal. Síðan þegar hann og tókuliðið frá Danmörku komu hingað þá varð maður nánast bara viðkvæmur vegna þess að þá fann ég að maður væri ekkert að fara að gera þetta einn. Við værum hérna saman. Þannig að það var alveg æðislegt,“ segir Ingvar og lætur fljóta með að ekki hafi spilt fyrir að leikararnir hafi verið með samliggjandi íbúðir á Höfn í Hornafirði.

„Þannig að við gátum leitað hvor til annars og mér finnst það alveg rosalega mikilvægt. Þótt það sé núningur milli karakteranna þá er svo gott að geta leitað til hvor annars, sem leikara og vinar.

Og það átti við okkur báða. Ég segi ekki að við höfum grátið á öxlinni á hvor öðrum en það var þessi stuðningur sem er svo mikilvægur.“

Alltaf sama músíkin

Ingvar segir að þótt persóna hans í myndinni sé maður annarrar aldar hafi hann í raun ekki þurft að leita svo langt aftur því sammannlegi kjarninn standist tímans tönn og breytist lítið.



Elliott Crosset Hove leikur prestinn unga sem ólmur vill kynna landi og þjóð og dröslar því ljósmynda-græjum með sér yfir íslenskar torfæur í því sem á eftir að reynast afdrifarikt ferðalag.

MYND/MARIA VON HAUSSWOLFF

„Við erum alltaf að þessu. Að flokka okkur,“ segir Ingvar og nefnir til dæmis aðgreiningu eftir þjóðerni og landshlutum. „Við aðgreinum okkur eftir aldri og hvort við vorum uppi á þessari öldinni eða hinni. En við höfum í rauninni ekkert breyst og við erum eins þegar við fæðumst,“ heldur hann áfram og ber saman leikskóla í Norður-Kóreu og á Íslandi.

„Af því að ég hef nú komið þangað. Þar eru nákvæmlega eins skrækir og hljóð og í krökkum hér. Nákvæmlega sama músíkin sem kemur upp úr þeim. Og það er einmitt það sem gerist hjá persónum okkar. Þessum danska presti og manninum sem ég leik, þessu náttúrubarni. Þeir spegla sig í hvor öðrum og það eru þessi átök en í rauninni eru þeir báðir á krossgötum. Erú að máta sig hvor við annan og hugmyndafræði hvor annars.“

Sigurvíma á öræfum

Það er ekki nóg með að landið volaða reyni á danska prestinn Lucas og íslenska hörkutólið Ragnar því leikararnir fengu sjálfir að kenna á miskunnarleysi þess á eigin skinni.

„Það er hægt að líta á þetta þannig að við vorum ekki bara sáttir við erfiði dagsins eftir hvern tókudag því í rauninni voru lok hvers tókudags eins og að vinna stórkostlegan sigur. Einhvern veginn á aðstæðunum,“ segir Ingvar um krefjandi verkefnið sem sé engu öðru líkt sem hann hefur tekist á við á löngum ferli.

„Við vorum uppi á jökli, á öræfum eða þá að leika í senum sem voru svo erfiðar. Maður var úrvinda eftir hvern dag en glaður. Í sigurvímu.“

Þetta blessaða land, það drepur og mylur einhvern veginn þessi ólíku menn niður.

„Já, það er bara þannig. Ég veit ekki hvað má segja mikið en maður finnur það svo augljóslega á prestinum. Hann kemur sem gestur, viðkvæmt blóm frá Danmörku, sem ætlar að kynna landi og þjóð og misreiknar sig einhvern veginn þannig að hann heldur jafnvel að máttur bænarinnar dugi hérna,“ segir Ingvar og víkur að sínum manni.

Enginn dó

„Þar sér maður muninn á þeim Ragnari og hversu minn karakter er tengdur jörðinni sjálfri og er í rauninni næstum andlega tengdur henni, náttúruöflunum og svoleiðis. En á sama tíma er hann að spyrja sig spurninga sem hann heldur að presturinn hafi kannski svör við. Og það er svolítið spennandi,“ segir Ingvar sem sjálfur þurfti að stíga út í óvissuna til móts við Ragnar.

„Ég var alveg dauðskelkaður í upphafi. Þetta er í rauninni alltaf sama sagan þegar maður byrjar. Fyrstu einn, tvo, þrjá, fjóra tókudagana er maður er að máta sig,“ segir Ingvar sem þurfti að spyrja sig hvort hann væri að stíga rétt til jarðar með persónuna.

„Vegna þess að það er nánast eins og maður saumi karakterinn áfram frá því hvernig maður byrjar að búa hann til. Þess vegna tala ég um sigur. Hjá okkur öllum vegna þess að þetta var svo erfið. Og það eru margar sögur. Það gerðist auðvitað ýmislegt,“ segir Ingvar og hlær. „Enginn varð alvarlega veikur og enginn dó.“ ■

Ingvar mátaði ýmsa skeggstíla og fann síðar óvænta tengingu í manni á fjölskyldumynd frá 1926. „Það er eiginlega bara óhuggulegt að sjá þetta því hann er nákvæmlega eins ég með þennan hatt og með þetta skegg,“ segir Ingvar hlajandi.

MYND/ADSEND



Við vorum uppi á jökli, á öræfum eða þá að leika í senum sem voru svo erfiðar. Maður var úrvinda eftir hvern dag en glaður. Í sigurvímu.



KOMIN

Í BÍÓ

SPYGLASS
MEDIA GROUP

Dolby
ATMOS



SHOOTING STAR IS A REGISTERED TRADEMARK OF PUNCH PRODUCTIONS, INC. © 2023 PARAMOUNT PICTURES. ALL RIGHTS RESERVED.

Lifir enn í þriggja áratuga gömlum glæðum GameBoy

Óskar Árnason fann gamla GameBoy-tölvu úr eigu bróður síns inni í geymslu. Tölvan var keypt árið 1991, fyrir 32 árum síðan, og komst í gang eftir órlítið bras þannig að gamlar gersemar á borð við Super Mario vöknudðu til lífsins.

odduraevar@frettabladid.is

„Ég held alveg örugglega að þetta sé tölva bróður mín, svona ef ég man þetta rétt,“ segir Óskar Árnason, einn fremsti borðspilasérfræðingur landsins, um Nintendo GameBoy-leikjatölvu sem hann fann inni í geymslu hjá sér.

„Mín nefnilega virkaði ekkert og var einum eða tveimur árum eldri og var þess vegna hent í kjölfarið en þessi yngri er enn hér.

Að þetta skuli enn virka!“ segir Óskar um tölvuna sem hann ramar endilega í að hafi verið keypt árið 1991. Tölvan er fyrsta sinnar tegundar frá Nintendo en í kjölfarið fylgdi sannkölluð gullöld hinna handhægu GameBoy-véla með tilheyrandi útgáfum. GameBoy Color, GameBoy Color Advanced og að síðustu fartölvulega GameBoy Color Advanced SP-vélin fylgdu allar í kjölfarið.

Grái jálkurinn var

hins vegar sá fyrsti og ber sig merkilega vel miðað við 32 ára aldur. „Hún fer í gang en virðist svo frjóska eftir tvær, þrjár mínútur,“ útskýrir Óskar sem fann að sjálfsgöðu veglegt safn GameBoy-leikja í geymslunni á sama tíma.

Nagaður af hundinum

„Ég er búinn að prófa fjóra leiki í vélinni. Það þarf að blása í hylkin og slökkva og kveikja nokkrum sinnum og þá fara þeir allir í gang,“ útskýrir Óskar en alls fann hann átta upprunalega leiki með vélinni. Þar á meðal er hinn godsagna-kenndi Super Mario Land sem virkar í eitt til tvö borð að sögn Óskars áður en vélin frýs.

„Sem er merki-legt þar sem leikurinn var marg-sinnis skilinn eftir á glámbekk og nagaður af hundi svo eitthvað sé nefnt,“ segir Óskar hlæjandi og segir

þetta ágætis vitnisburð um gæðin í gömlu, góðu vélunum.

Hann segir mikla nostalgia hellast yfir sig við að kveikja á vélinni.

Nostalgían í hljóðinu

„Það er aðallega hljóðið,“ útskýrir Óskar en minnugir lesendur muna eflaust vel hversu miklu hlutverki hljóðið gegndi í GameBoy-tölvuleikjunum.

„Til dæmis það að heyra Maríó-lagið úr dósinni. Ég elska þetta lag og er með það sem hringitón en það er allt annað að heyra þetta úr gömlu, góðu GameBoy-vélinni, það er þetta tinhljóð sem fylgir þar með,“ segir Óskar.

Upprunalega vélin var ekki það eina sem fannst í geymslunni. „Ég átti nefnilega líka GameBoy Advanced SP og svo á konan mín GameBoy Color,“ segir Óskar og því vantar bara eina vél í safnið hjá þeim hjónum, GameBoy Advanced.

„En mér skilst að það sé mögulega hægt að láta gera við svona, þannig að mögulega er hægt að finna út úr þessu,“ segir Óskar og ekki stendur á svörum þegar hann er spurður út í sinn uppáhalds leik. „Wario Land: Super Mario Land 3. Hann var svona bestur í minningunni, já og RadarQuest.“ ■



Gamli jálkurinn er í merki-lega góðu standi 32 árum síðar.



SuperMarioLand er líklega einn þekktasti leikur heims.



Óskar fann gersemar í geymslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ég elska þetta lag og er með það sem hringitón en það er allt annað að heyra þetta úr gömlu, góðu GameBoy-vélinni.



Síðasta kynslóð GameBoy, SP.



Önnur kynslóð GameBoy með lit.

Í HELGARBLAÐINU

Maður margra hatta

Einar Bárðarson fagnar því um þessar mundir að 25 ár eru liðin frá því að hans vinsælasta lag, Farinn, kom út. Einar ólst upp á Selfossi og segir skilnað foreldra sinna hafa haft meiri áhrif á sig en hann gerði sér grein fyrir. Hann ræðir lífið og tilveruna, uppsögn eiginkonu sinnar, ferilinn og Votlendissjóð í einlægu viðtali við Helgarblað Fréttablaðsins.



Hefur alltaf elskað sviðsljósið

Dilja Pétursdóttir sigraði ekki einungis Söngvakeppnina síðustu helgi heldur hug og hjarta þjóðarinnar. Dilja hefur búið í Snælandshverfi í Kópavogi alla sína tíð. Hún hefur alltaf verið vinsæl og vinmörg og snemma hafði hún áhuga á leik- og sönglist. Sjáðu nærmynd af Dilja í Helgarblaðinu.



Fjörutíu ára Kvennalisti

Á mánudaginn verða liðnir fjórir áratugir frá stofnun Kvennalistans. Fjörutíu ár frá því að konur fullar baráttuvilja og þrár eftir breytingum tóku málin í eigin hendur og buðu fram til alþingiskosninga með lista fullskipaðan konum – komu þremur inn og tvöfölduðu árangurinn í næstu kosningum.



Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.

BAKÞANKAR

Odds Ævars
Gunnarssonar

Ég er (ekki) þjófur

Sjálfsmynd mín hvílir meðal annars á þeim stöðum að ég sé góður og löghlýðinn þannig að siðferði hefur alltaf verið mér ákaflega mikilvægt. Svo mjög að þegar ég spila tölvuleiki þar sem gefinn er kostur á að vera illur, eða taka siðlausar ákvarðanir, þá sleppi ég því. Ég fæ því edlilega sjaldan samviskubít eða skömm-ustutilfinningu.

Nema núna, eftir að hafa framið rán í Bónusverslun í fyrradag. Ég var nýkominn úr drykk með vinnufélögum, með tvo í blóðinu og hlaðvarp í eyrunum, þegar ég mundi að það vantaði klósettpappír á heimilið. Sannkallaða nauðsynjavöru. Þannig að ég dreif mig í Bónus.

Ákaflega annars hugar vafraði ég um verslunina, náði í klósettpappírinn og þrennt til viðbótar og fór svo að sjálfsögðu beint á sjálfsafgreiðslukassann.

Samræðurnar í hlaðvarpinu voru sérlega merkilegar þannig að hugur minn var við allt annað en sjálfsafgreiðsluna. Vöðvaminnið tók stjórnina og ég borgaði, að ég hélt, setti vörurnar í pokann og rölti út.

Þá tek ég eftir því að það er aðvör- un á pokasvæðinu! „Haha, heimski kassi, ég er búinn að taka vörurnar mínar,“ hugsa ég áður en ég rölti út. Svo held ég áfram að hlusta á samræður um hörmungar helgarinnar í enska boltanum í svona tíu mínútur áður en það fara að renna á mig tvær grímur. Borgaði ég?

Guð minn góður! Rúllaði yfir Apple Pay. Ekkert. Maður minn. Ég er þjófur og búinn að loka Bónus! Ég sendi þeim strax póst, verandi af þúsaldarkynslóðinni, og grátbað um fyrirgefningu og tækifæri til að leiðrétta þetta. Engin svör hafa enn borist en vonandi léttist þrúgandi samviskubitið eftir þessa játningu mína fyrir alþjóð. ■

Fyrir fólk í leit af
nýjum tækifærum

Skannaðu mig

glíf

Bubbi Morthens
Söngleikur

Níu líf
í þrjú ár!

★★★★★

Nú eru liðin þrjú ár síðan söngleikurinn Níu líf var frumsýndur og hafa hátt í 90 þúsund áhorfendur séð sýninguna.

Við þökkum ykkur, kæru gestir, fyrir áhugann. Svona veisla væri ekkert án ykkar.

Sjáumst í Borgarleikhúsinu!

borgarleikhus.is

Miðasala: 568 8000

Borgarleikhúsið